



# ÁRSSKÝRSLA

## SKÓLAÁRIÐ 2017-2018



JÚNÍ 2018

**ÁRSSKÝRSLA GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI SKÓLAÁRIÐ 2017-2018**  
**JÚNÍ 2018**

**ÚTGEFANDI: GRUNNSKÓLINN Í BORGARNESI**

**GUNNLAUGSGATA 13**

**310 BORGARNES**

**SÍMI 433 7400**

**NETFANG: SKOLI@GRUNNBORG.IS**

**VEFFANG WWW.GRUNNBORG.IS**

Efnisyfirlit

<b>1. FORMÁLI .....</b>	<b>7</b>
<b>2. INNGANGUR.....</b>	<b>8</b>
<b>3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR .....</b>	<b>9</b>
3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR .....	9
3.2 SKÓLARÁÐ .....	9
3.3 FORELDRAFÉLAG .....	9
3.4 NEMENDARÁÐ.....	10
3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ .....	10
3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA .....	10
3.7 ÁFALLARÁÐ .....	11
3.8 EINELTISTEYMI.....	11
3.9 ÖRYGGISNEFND .....	11
3.10 NEMENDAFJÖLDI.....	12
3.11 STARFSMENN .....	12
3.12 SKÓLALÓÐ .....	15
3.13 SKÓLAAKSTUR .....	15
3.14 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI.....	16
3.15 SKIPULAG KENNSLU .....	17
<i>Viðmiðunarstundaskrá og skipting námsgreina .....</i>	<i>17</i>
<b>4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR .....</b>	<b>19</b>
4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	19
4.2 NÁMSMAT.....	20
4.3 FERÐALÖG .....	21
<b>5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR .....</b>	<b>22</b>
5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	22
5.2 NÁMSMAT.....	23
5.3 FERÐALÖG .....	23
<b>6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR .....</b>	<b>25</b>
6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	25
<b>7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR .....</b>	<b>27</b>
7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	28
7.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	29
7.3 NÁMSMAT.....	30
7.4 VIÐBURÐIR .....	30
<b>8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR .....</b>	<b>31</b>
8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	31
8.2 NÁMSMAT.....	32
8.3 FERÐALÖG .....	32
<b>9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR .....</b>	<b>32</b>

9.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	33
9.2	NÁMSFERÐIR OG ÚTIKENNSLA .....	34
<b>10.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR .....</b>	<b>34</b>
10.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	35
10.2	NÁMSMAT.....	36
10.3	NÁMSFERÐIR OG ÚTIKENNSLA .....	36
<b>11.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR .....</b>	<b>37</b>
11.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	37
11.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG .....	38
11.3	NÁMSMAT.....	38
11.4	VIÐBURÐIR.....	38
<b>12.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR .....</b>	<b>39</b>
12.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG .....	39
12.2	KENNSLUHÆTTIR/ SKIPULAG .....	40
12.3	NÁMSMAT .....	40
12.4	VIÐBURÐIR .....	40
<b>9.</b>	<b>SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR .....</b>	<b>41</b>
13.1	HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG.....	41
9.2	KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG.....	42
9.3	NÁMSMAT.....	42
9.4	VIÐBURÐIR .....	43
<b>10.</b>	<b>SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA.....</b>	<b>43</b>
10.1	NÁMSMAT .....	44
<b>11.</b>	<b>SKÝRSLA SUNDKENNARA .....</b>	<b>45</b>
11.1	NÁMSMAT.....	45
<b>12.</b>	<b>SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI .....</b>	<b>46</b>
12.1	NEMENDATEYMI.....	46
12.2	STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI.....	46
12.3	SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF.....	47
<b>13.</b>	<b>SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA .....</b>	<b>49</b>
13.1	MARKMIÐ .....	49
13.2	UPPBYGGING KENNLUNNAR / KENNSLUAÐFERÐIR .....	49
13.3	NÁMSEFNI OG GÖGN .....	50
13.4	NÁMSMAT.....	50
<b>14.</b>	<b>SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA .....</b>	<b>51</b>
14.1	KENNSLUAÐFERÐIR OG MARKMIÐ.....	52
14.2	NÁMSMAT.....	53
<b>15.</b>	<b>SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA.....</b>	<b>53</b>

15.1	MARKMIÐ .....	53
15.2	UPPBYGGING KENNSLUNNAR / KENNSLUAÐFERÐIR .....	54
15.3	NÁMSEFNI / GÖGN .....	55
15.4	NÁMSMAT / FRAMMISTÖÐUMAT .....	55
<b>16.</b>	<b>SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA .....</b>	<b>55</b>
16.1	KENNSLUAÐFERÐIR OG NÁMSMAT .....	57
16.2	ÁHERSLUR .....	57
<b>17.</b>	<b>VAL.....</b>	<b>58</b>
<b>18.</b>	<b>VETTVANGSFERÐIR Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI .....</b>	<b>61</b>
<b>19.</b>	<b>NEMENDAFÉLAG - FÉLAGSSTARF.....</b>	<b>62</b>
<b>20.</b>	<b>ÞRÓUNARVERKEFNI .....</b>	<b>65</b>
20.1	LESTUR .....	65
20.2	HEILSUEFLANDI SKÓLI .....	67
20.1	GRÆNFÁNI.....	67
20.1	UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR .....	68
20.1	LÆSI .....	69
20.2	NÁMSMAT.....	70
<b>21.</b>	<b>BÓKASAFN .....</b>	<b>70</b>
21.1	KENNSLA .....	72
21.2	ENDURMENNTUN .....	72
21.3	AÐFÖNG/AÐFANGASTEFNA .....	73
21.4	AÐVENTA .....	74
21.5	HEIMSÓKNIR.....	74
21.6	LESTRARÁTÖK Í TENGLUM VIÐ BÓKASAFNIÐ .....	75
21.7	TÖLVUBÚNAÐUR .....	75
21.8	NÁMSBÆKUR.....	76
21.9	SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN.....	76
21.10	VIÐBURÐIR .....	77
21.11	LOKAORÐ .....	78
<b>22.</b>	<b>KLETTUR.....</b>	<b>79</b>
22.1	MARKMIÐ .....	80
22.2	NÁMSMAT .....	81
<b>23.</b>	<b>SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBLAN).....</b>	<b>81</b>
23.1	MARKMIÐ .....	82
23.2	UPPBYGGING KENNSLUNNAR/KENNSLUAÐFERÐIR .....	82
23.3	NÁMSEFNI OG GÖGN .....	83
23.4	NÁMSMAT .....	83
23.5	NÝTING.....	84
	<i>Núvitundarslökun.....</i>	<i>84</i>
	<i>Einstaklingsvinna .....</i>	<i>84</i>
	<i>Val.....</i>	<i>84</i>

<i>Velferðarkennsla</i> .....	85
<i>Námskeið fyrir starfsfólk</i> .....	85
<b>24. SAMANTEKT</b> .....	<b>85</b>

---

## 1. FORMÁLI

---

Markmið með útgáfu hennar er að gera grein fyrir því fjölbreytta starfi sem unnið er í skólanum ár hvert, ásamt því að halda saman nauðsynlegum upplýsingum úr skólastarfinu.

Aðrar frekari upplýsingar um daglegt starf í skólanum er að finna á heimasíðu hans ([www.grunnborg.is](http://www.grunnborg.is)) og á Facebooksíðu skólans.

Skýrslunni er dreift til fræðslunefndar, stjórnar foreldrafélagsins og bókasafns Grunnskólans í Borgarnesi. Skýrslan kemur einnig út á rafrænu formi og þannig aðgengileg á heimasíðu skólans.

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri.

---

## 2. INNGANGUR

---

Skólastjóri skólans heitir Júlía Guðjónsdóttir, aðstoðarskólastjóri er Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, deildarstjóri er Kristín Valgarðsdóttir og deildarstjóri sérkennslu er Hulda Hrönn Sigurðardóttir.

Skólaárið hófst með leyfilegum endurmenntunar dögum. 10. og 11. ágúst vorum við ásamt Grunnskóla Borgarfjarðar á Varmalandi með námskeiðsdaga sem bar yfirheitið *Saman getum við meira*. Þar vorum við með lestur, stærðfræði og náttúrufræði sem yfirskrift og hvernig við getum samþætt námsgreinar. Þessir námskeiðsdagar tókust vel til og voru allir ánægðir og græddu mikið á þeim. Mánudaginn 14. ágúst sóttu svo margir kennarar námskeiðið *Skólaþróun* sem Ingvar Sigurgeirsson sér um skipulagningu á. Vikan 15. – 19. ágúst var svo nýtt til undirbúnings fyrir komandi vetur.

Skólastjórnendur mættu til vinnu þriðjudaginn 8. ágúst. Starfsmannafundur var þriðjudaginn 15. ágúst þar sem stjórnendur buðu starfsmenn velkomna til starfa ásamt því að línur voru lagðar fyrir komandi vetur. Skólasetning var þriðjudaginn 22. ágúst og var haldin í kirkjunni. 1.-4. bekkur mætti kl. 10:00. 5.-7. bekkur var kl. 10:40 og 8.-10. bekkur var kl. 11:20. Nemendur mættu með foreldrum sínum á skólasetninguna og héldu svo með umsjónarkennurum sínum í skólann þar sem þeir fengu stundatöflur, skóladagatal auk þess sem námsefni vetrarins var kynnt. Kennsla hófst svo samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 23. ágúst.



---

### 3. HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

---

---

#### 3.1 SKÓLASTJÓRNENDUR

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Ragnhildur Kristín Einarsdóttir, aðstoðarskólastjóri  
Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri sérkennslu  
Kristín Valgarðsdóttir, deildarstjóri

---

#### 3.2 SKÓLARÁÐ

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Anna Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara  
Gunnar Straumland, fulltrúi kennara  
Brynja Þorsteinsdóttir, fulltrúi foreldra  
Ingibjörg Þorsteinsdóttir, fulltrúi foreldra  
Sveinbjörg Stefánsdóttir, fulltrúi starfsmanna  
Sigurður Halldórsson, fulltrúi grenndarsamfélags/foreldra  
Marínó Þór Pálmason, fulltrúi nemenda  
Bjartur Daði Einarsson, fulltrúi nemenda

---

#### 3.3 FORELDRAFÉLAG

---

Ingibjörg Þorsteinsdóttir, formaður  
Sjöfn Hilmarsdóttir, varaformaður  
Gróa Lía Ómarsdóttir, gjaldkeri  
Kristín H. Kristjánsdóttir, ritari

Bjargey Steinarsdóttir

Halldóra Ágústa Pálsdóttir, meðstjórnandi

Sigursteinn Sigurðsson, meðstjórnandi

---

#### 3.4 NEMENDARÁÐ

---

Marinó Þór Pálmason, formaður

Bjartur Daði Einarsson, varaformaður

Berghildur Björk Reynisdóttir, gjaldkeri

Emma Sól Andersdóttir, ritari

Elínóra Ýr Kristjánsdóttir, meðstjórnandi

Axel Bergsson, tæknistjóri

Sigfús Páll Guðmundsson, tæknistjóri

Jón Steinar Unnsteinsson, sjoppustjóri

Steinar Örn Finnbogason, sjoppustjóri

---

#### 3.5 NEMENDAVERNDARRÁÐ

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri

Hulda Hrönn Sigurðardóttir, deildarstjóri sérkennslu

Oddný Eva Böðvarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur

Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi

Harpa Þórðardóttir, skólasálfræðingur

---

#### 3.6 SÉRFRÆÐIÞJÓNUSTA

---

Harpa Þórðardóttir, sálfræðingur

Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi

Oddný Eva Böðvarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur  
Ásta Björk Björnsdóttir, kennsluráðgjafi

---

### 3.7 ÁFALLARÁÐ

---

Harpa Þórðardóttir, sálfræðingur,  
Oddný Eva Böðvarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur  
Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Sóknarprestur

---

### 3.8 EINELTISTEYMI

---

Júlía Guðjónsdóttir, skólastjóri  
Elín Kristjánsdóttir, námsráðgjafi  
Andrea Eðvaldsdóttir, kennari  
Inga Margrét Skúladóttir, kennari

---

### 3.9 ÖRYGGISNEFND

---

Guðmundur Jónsson  
Júlía Guðjónsdóttir  
Sigríður Helga Sigurðardóttir  
Sæbjörg Kristmannsdóttir

### 3.10 NEMENDAFJÖLDI

Nemendur skólans eru í dag 280 og er áætlaður fjöldi nemenda næsta skólaárið 298.

Tafla 1 hér að neðan sýnir sundurliðun á nemendafjölda grunnskóladeildar eftir bekkjum og kyni í lok skólaárs.

Tafla 1: Sundurliðun á nemendafjölda vorið 2017.

Bekkur	Fjöldi	Strákar	Stelpur	Umsjónakennarar
1.	22	15	7	Birgitta Eyþórsd./Hólifr. Ólafsd./Sigríður H.H.
2.	26	13	13	Anna S. Guðbrandsd./Sæbjörg Kristmannsd.
3.	27	12	15	Guðrún R. Kristjánsd./Sigrún Sveinsd.
4.	35	16	19	Andrea Eðvaldsd./Kristín Frímansd.
5.	27	16	11	Helga S. Magnúsd./Margrét Skúlad.
6.	39	22	17	Halldóra Björnsd. /Þórunn Kjartansd.
7.	26	16	10	Guðmundur Eyþórsson
8.	29	16	13	Fjóla V. Guðjónsd./Hildur Hallkelsd.
9.	30	16	14	Haraldur M. Stefánsson/Rán Höskuldsd.
10.	19	13	6	Birna Hlín Guðjónsdóttir

### 3.11 STARFSMENN

Nafn	Starf	Hlutfall
Alicja Garciarska	Skólaliði	82,5
Andrea Eðvaldsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekkjar	100
Anna Guðmundsdóttir	Bókasafn - kennari	80
Anna S. Guðbrandsd.	Umsjónarkennari 2. bekkjar	100

Ásta Björk Björnsdóttir	Kennsluráðgjafi hjá Borgarbyggð	100
Birgitta M. Eypórsdóttir	Umsjónarkennari 1. bekkjar	100
Birna Hlín Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk	100
Bríet Lilja Sigurðardóttir	Stuðningsfulltrúi	85
Dagmar Mýrdal Harðard.	Kennari í 4. bekk	50
Elín Kristjánsdóttir	Námsráðgjafi hjá Borgarbyggð	40
Elín Kristinsdóttir	Velferðarkennari	80
Eva Lára Vilhjálmisdóttir	Textílkennari	100
Fanney Þorkelsdóttir	Proskapjálfi	100
Fjóla Benediktsdóttir	Lestrarleiðtogi	20
Fjóla V. Guðjónsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekkjar	100
Franziska Jóney Pálsd.	Sérkennsla	50
Gestur A. Grjetarsson	Tölvuumsjón	40
Guðbjörg Konráðsdóttir	Stuðningsfulltrúi	76
Guðdís Jónsdóttir	Skólaritari	87,5
Guðmunda Ó. Jónasdóttir	Kennari – sérkennsla	50
Guðmundur Eypórsson	Umsjónarkennari í 7. bekk	100
Guðmundur Jónsson	Húsvörður	60
Guðrún R. Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk	100
Guðrún S. Guðbrandsd.	Smíðakennari	100
Gunnar J. Straumland	Myndmenntarkennari	100
Halldóra R. Björnsdóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk	100
Hanna S. Kjartansdóttir	Dönsku og íþróttakennari	100
Haraldur M. Stefánsson	Umsjónarkennari í 9. bekk og íþróttakennari	100
Helena B. Guðmundsd.	Verkefnastjóri Kletts	20/80
Helga S. Magnúsdóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk	100
Hildur Hallkelsdóttir	Umsjónarkennari 8. bekkjar	100

Hólmfríður Ólafsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk	100
Hulda Hrönn Sigurðard.	Deildarstjóri sérkennslu	100
Inga B. Tryggvadóttir	Matráður	90
Inga Margrét Skúladóttir	Stærðfræðikennari	50
Jóhannes Magnússon	Stuðningsfulltrúi	85
Jónína G. Heiðarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	50
Jónína K. Berg	Myndmenntarkennari í launalausuleyfi.	100
Júlía Guðjónsdóttir	Skólastjóri	100
Katrín Rósa Eðavaldsd.	Heimilisfræðikennari	100
Kolbrún A. Rafnsdóttir	Skólaliði	68
Kolbrún Kjartansdóttir	Sérkennsla	50
Kolbrún Óttarsdóttir	Stuðningsfulltrúi	66
Kristín Amelía Puríðard.	Stuðningsfulltrúi	85
Kristín Frímannsdóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk	100
Kristín M. Valgarðsdóttir	Deildarstjóri	(75/25)
Liza P. Mulig	Skólaliði	74
Margrét Skúladóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk	100
María Erla Guðmundsd.	Skólaliði	60
Monika Z.F. Mazur	Stuðningsfulltrúi	66
Páll Leó Jónsson	Ensku og dönskukennari	49,9
R.Kristín Einarsdóttir	Aðstoðarskólastjóri	100
Rán Höskuldsdóttir	Umsjónarkennari í 9. bekk	100
Sigríður H. Sigurðardóttir	Skólaritari/veikindaleyfi	100
Sigríður H. Hálfánard.	Þroskaþjálfari í 1. bekk	100
Sigrún Sveinsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk	100
Sigrún Ö. Sigurðardóttir	Íþróttakennari	100
Silja Jónasdóttir	Aðst. matráður	61,25

Sóley Björk Sigurþórsd.	Kennari í 7. bekk	23
Sveinbjörg Stefánsdóttir	Stuðningsfulltrúi	76,50
Sæbjörg Kristmannsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk	100
Vesna Pavlovic	Aðstoð á bókasafni	50
Victor P. Rodrigues	Stuðningsfulltrúi	100
Þórdís Á. Arnfinnsdóttir	Stuðningsfulltrúi	73,49
Þórunn Kjartansdóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk	100

---

### 3.12 SKÓLALÓÐ

---

Í kringum skólann er óafgirt skólalóð og hafa nemendur stórt og gott svæði til að leika sér á. Lóðin skiptist í tvö svæði þar sem á öðru svæðinu er sparkvöllur ásamt rólu en á hinu er kastali, rólur, klifurgrindur ásamt leikjum sem búið er að mála á stétt eins og t.d. París. Á skólalóðinni er klettur sem nemendur leika sér gjarnan á, sérstaklega þegar það er snjór og hægt að renna sér einnig sem þar er snjóboltakastsvæði nemenda.

---

### 3.13 SKÓLAAKSTUR

---

Nemendur af Mýrunum sækja skólann og er lengsti aksturinn frá Syðstu – Görðum sem er í Eyja og Miklaholtshreppi. Innanbæjarakstur er í Borgarnesi og eru það nemendur frá Dílahæð og upp í Bjargslund sem fá þann akstur. Skólabílstjórar skólans eru Jón Axel, Gísli, Sturla, Sigurbjörn og Sigurður Ingi.

---

### 3.14 ÁHERSLUR Í SKÓLASTARFI

---

Meginstefna skólans er að efla nemendur sem einstaklinga, gera þá hæfa til að vinna með öðrum til að taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi sem stöðugt er að taka breytingum. Við viljum sjá ábyrga einstaklinga sem geta sýnt samkennd með öðrum. Einstaklinga sem bera virðingu jafnt fyrir sjálfum sér og umhverfi sínu, sem láta sér annt hver um annan, geta unnið með öðrum, hafa dug til að standast þrýsting neikvæðra áhrifa og bera virðingu fyrir mismunandi sjónarmiðum og einstaklingsmun. Vörðurnar á þessari leið eru Uppbyggingarstefnan, Grænfánaverkefnið, Heilsueflandi grunnskóli, námsmatið og kennslufyrirkomulagið. Við lítum á hvern árgang sem eina heild og er verið að innleiða markvissa teymiskennslu. Með teymiskennslu er verið að koma betur til móts við hvern nemanda, m.a. með því að skipta í hópa eftir þörfum, getu og áhuga. S.l. vetur tók skólinn þátt í innleiðingu teymiskennslu ásamt Grunnskóla Borgarfjarðar undir leiðsögn Ingvars Sigurgeirssonar og var áframhaldandi vinna með hana í vetur. Kennarar eru komnir vel á veg með teymiskennsluna.

Til að sýn okkar á skólastarfinu nái fram að ganga þarf samstarf heimilis og skóla að vera gott og með velferð nemandans að leiðarljósi. Einkunnarorð skólans eru **sjálfstæði, ábyrgð, virðing** og **samhugur**. Þessi orð eru burðarstólpar hugmyndafræði skólans í uppeldismálum sem ber heitið „**Uppeldi til ábyrgðar**“. En hugmyndafræðin miðar að því að kenna börnum og unglingum sjálfstjórn og sjálfsaga, að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum og læra af mistökum í samskiptum. Í nýrri útgáfu skólanámskrár er miðað við að einkunnarorð skólans og uppeldisstefnan séu sýnileg.

#### **Heimaskóli Menntavísindasviðs H.Í**

Skólinn tekur á móti nemendum í bæði B.Ed. og M.Ed. námi við Menntavísindasvið H.Í og veitir þeim aðgang að skólanum til að vinna þau verkefni sem tengjast



vettvangi. Verkefni felast m.a. í æfingakennslu, kynningarheimsóknum, þátttöku í undirbúningi, framkvæmd kennslu og athugunum á skólastarfi svo eitthvað sé nefnt. Leiðbeinendakennari tekur þátt í frammistöðumati á nemum og leiðbeinir þeim á vettvangi. Þá hefur skólinn einnig haft samstarf við Háskólann á Akureyri um vettvangsnám og æfingakennslu kennaranema. Fimm kennaranemar voru í vettvangsnámi við skólann í vetur.

---

### 3.15 SKIPULAG KENNSLU

---

Lög um grunnskóla ákvarða nánar námssvið og viðfangsefni skólastarfsins. Í 25. gr. laganna segir m.a. að setja skuli ákvæði um inntak og skipulag náms. Þar segir jafnframt að kveða skuli á um hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina í grunnskóla. Þess skuli gætt að námið verði sem heildstæðast, en hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið séu aðgreind eða samþætt í kennslu. Skólastjóri ber faglega ábyrgð á skipan kennslu. Að öllu jöfnu er gert ráð fyrir því að námsgreinar og námssvið grunnskóla dreifist eðlilega á námstímann og samkvæmt faglegum sjónarmiðum.

### **VIÐMIÐUNARSTUNDASKRÁ OG SKIPTING NÁMSGREINA**

Í aðalnámskrá grunnskóla birtist viðmiðunarstundaskrá sem skólum ber að fara eftir. Viðmiðunarstundaskráin býður upp á sveigjanleika innan námssviða og milli áfanga.

*Tafla 2: Viðmiðunarstundaskrá samkvæmt aðalnámskrá 2011.*

Námssvið Námsgreinar	1.-4. bk. Heildartími Mín. á viku	5.-7. bk. Heildartími Mín. á viku	8.-10. bk. Heildartími Mín. á viku	1.-10. bk. Heildartími Mín. á viku
-------------------------	---	---	--	--

Íslenska, íslenska sem annað tungumál, íslenskt táknmál	1.120	680	630	18,08%
Erlend tungumál: Enska og danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	10,27%
List- og verkgreinar	900	840	340	15,48%
Náttúrugreinar	420	340	360	8,33%
Skólaíþróttir (sund og íþróttir)	480	360	360	8,93%
Samfélagsgreinar: Trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál og siðfræði	580	600	360	11,46%
Stærðfræði	800	600	600	14,88%
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	2,68%
Til ráðstöfunar / val	300	160	870	9,90%
<b>Alls</b>	<b>4.800</b>	<b>4.200</b>	<b>4.440</b>	<b>100,00%</b>

Tafla 3: Skipting námsgreina skólaárið 2017-2018 í 40 mínútna kennslustundum.

Námsgreinar	Árgangur									
	1. bk.	2. bk.	3. bk	4. bk	5. bk.	6. bk.	7. bk.	8. bk.	9. bk.	10. bk.
Íslenska	8.5	8	7	7	6.5	6	6	6	6	6
Stærðfræði	6	6	6	6	6	6	6	6	6	6
Danska	0	0	0	0	0	1	3	3	4	4
Enska	0	0	0	2	2.5	2	2	3	4	4
Samfélagsfræði	4.5	4	3	3	5	5	4.5	5	3	3
Náttúrufræði	3	3	3	3	3	3	3	3	3	3
Upplýsinga- og tæknimennt	0	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Íþróttir	2	2	2	2	2	2	2	2	2	2
Sund	1	1	1	1	1	1	1	1	1	1
Heimilisfræði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Hönnun og smíði	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Textíl	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Myndmennt	0.5	0.5	1	1	1.25	1.25	0.9	0.9	0.6	0.6
Leiklist/Tónmennt	2	2	2	2	2	2	0.9	0.9	0.6	0.6
Val	2	2	2	0	1	1	2,5	3	3	3
<b>Samtals</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>
<b>Viðmið</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>30</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>35</b>	<b>37</b>	<b>37</b>	<b>37</b>

---

## 4. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 1. BEKKJAR

---

Nemendur í 1. bekk voru 22 í vetur. 7 stúlkur og 15 drengir. Umsjónarkennarar voru Birgitta M. Eypórsdóttir, Hólmfríður Ólafsdóttir og Sigríður Hrund Hálfðanardóttir þroskaþjálfari. Stuðningsfulltrúar í bekknum voru Kolbrún Óttarsdóttir og Monika Mazur. List- og verkgreinakenningar voru; Eva Lára Vilhjálmsdóttir textílmennt, Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir hönnun og smíði, Gunnar J. Straumland myndmennt og Katrín Rósa Eðvaldsdóttir heimilisfræði. Íþróttakenningar voru Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir.

---

### 4.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Áhersla var lögð á að nemendur aðlagist skólaumhverfinu, séu virkir þátttakendur í því og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Kennt var samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis og stafainnlögn var lokið um miðjan maí. Flestir nemendur voru komnir með lestrarbækur við sitt hæfi í október. Námsbækur sem notaðar voru við lestrarkennsluna var *Við lesum A*, vinnubók og vinnubókin *Lestrarlandið 1+ og 2+*. Ásamt tilbúnum verkefnum frá kennurum í samræmi við aðferðir Byrjendalæsis.

Grunnefni í stærðfræði var *Sproti 1a og 1b*. Einnig fengu nokkrir nemendur aukaefni svo sem Tíu – tuttugu og önnur verkefni frá kennurum. Áhersla var lögð á hlutbundna vinnu. Við unnum í stöðvavinnu á fjölbreyttan hátt, spil voru mikið notuð og gagnvirkt efni, af [www.mms.is](http://www.mms.is) (krakkavefur) og appið Georg og félagar var einnig notað. Í haust var kennsla í útistærðfræði. Í stærðfræðikennslunni var leitast við að koma til móts við þarfir hvers og eins.

Vikulega var hringekja þar sem nemendur fóru á skólabókasafnið, í slökun og í skriftarvinnu. Einnig var unnið reglulega í tölvum – forritið [www.mms.is](http://www.mms.is) (krakkasíður) var notað, ásamt ritun í Word.

Í samfélags- og náttúrufræði tókum við þemaverkefni um mannlíkamann og húsdýrin. Umræða og minni verkefni tókum við einnig fyrir eins og um umhverfið og árstíðirnar.

Í lífsleikni unnum við samkvæmt aðferðum Uppbyggingarstefnunnar, ræddum um og gerðum verkefni um *þarfirnar*, hlutverkin og gerðum bekkjarsáttmála. Við höfðum vikulega bekkjarfundi þar sem rædd voru ýmis mál svo sem umburðarlyndi, tillitssemi, margbreytileikann og að hver og einn er einstakur. Einnig var unnið vikulega með þróunarverkefnið „Vinátta“ sem er forvarnarverkefni gegn einelti.

---

#### 4.2 NÁMSMAT

---

Gerðar eru ýmsar kannarnir til að greina stöðu nemenda. Í haust fóru nemendur í Tove Krogh teiknipróf og hljóðfærniprófið Leið til læsis. Tvö próf í LÆSI voru einnig lögð fyrir.

Nemendur sem voru komin með nokkra færni í lestri fóru í leshraðapróf í febrúar og í maí.

Viðtöl voru þrisvar í vetur við foreldra, nemendur komu með í 1 skipti. Í þessum viðtölum var farið yfir námsstöðu nemenda og líðan. Nemendur fóru heim með líðankönnun. Í kjölfari voru nemenda- og foreldraviðtöl þar sem farið var yfir líðan nemenda og málin rædd.

---

### 4.3 FERÐALÖG

---

Ferðir og upptækur:

Við fórum í gönguferðir um nágrenni skólans, Bjössaróló, Englendingavík og einnig var farið í Skallagrímgarð í tengslum við árstíðirnar, fórum í leiki og týndum laufblöð og skordýr. Unnum með þetta efni í skólanum ásamt því að skoða lífverur í víðsjá.

Við heimsóttum báða leikskólana að hausti og svo var farið í gönguferð í Klettaborg að í vori þar sem nemendur fengu að leika sér úti með leikskólabörnunum.

Nemendur fluttu Jólaveinavísur Jóhannesar úr Kötlu í jólaútlit og sungu jólalög. Í desember buðu nemendur foreldrum í heimsókn og fóru með Jólaveinavísurnar og sungu ásamt því að búa til jólakort.

Á árs hátíð skólans í apríl sungu nemendur nokkur lög.

Í maí komu fulltrúar frá Kiwanisklúbbnum og gáfu nemendum hjálma og Hildur Karen frá Grundarskóla var með fræðslu um hjálmanotkun.

Á vordögum var opinn dagur í skólanum; nemendur sungu fyrir foreldra og sýndu þeim verkefni sín.

Vorferðalagið okkar var sveitaferð í tengslum við vinnuna um húsdýrin, farið var að Hundastapa.

Birgitta M. Eypórsdóttir, Hólmfríður Ólafsdóttir og Sigríður Hrunn Hálfánardóttir

---

## 5. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 2. BEKKJAR

---

Í árganginum voru 25 nemendur í vetur, 12 strákar og 13 stelpur. Umsjónakennarar voru tveir. Guðmunda Ólöf Jónasdóttir sá um sérkennslu með 3 nemendur reglulega og fleiri eftir aðstæðum. Þórdís Ásgerður Arnfinnsdóttir var stuðningsfulltrúi í bekknum. Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir sá um kennslu í hönnun og smíði, Eva Lára Vilhjálmsdóttir kenndi textílmennt, Katrín Rósa Eðvaldsdóttir kenndi heimilisfræði og Gunnar Straumland kenndi myndmennt. Tónmenntakennsla fór fram í Tónlistaskólanum og voru margir kennarar sem skiptu með sér verkum þar. Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu leikfimi og sund.

---

### 5.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Árgangurinn var einn umsjónarhópur. Í list- og verkgreinum var þeim skipt í tvo hópa, en í íþróttum í þrjá. Í tónmennt var þeim skipt í tvo hópa og þar var þeim kennt með 3. bekk. Í íslensku var kennt eftir aðferðum byrjendalæsis en einnig notast við Ritrún og krossgátur sem aukaefni. Í stærðfræði voru bækurnar Sproti 2a og Sproti 2b helsta námsefnið. Í stærðfræði er mikið unnið með hlutbundið efni á stöðvum/hringekju og sprotavefurinn notaður, þá var bekknum skipt upp í þrjá hópa. Í samfélagsfræði og náttúrufræði sem var samþætt við byrjendalæsi og voru notaðar bækurnar; Komdu og skoðaðu bílinn, Komdu og skoðaðu land og þjóð, Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera, Köngulær, Egill, Litla lírfan ljóta o.fl.

Lestur og skrifar æfingar unnar í tveimur hópum. Skrifað í stílabækur eftir forskrift kennara og í skrift 2. Gerður var bekkjarsáttmáli og farið í hlutverk, þarfir, skýr mörk og rauða, gula og græna hegðum svo fátt eitt sé nefnt. Haldnir voru bekkjarsfundir þar sem rædd voru ýmis mál sem tengjast nemendum svo sem líðan, hegðun og

þarfir í anda uppbyggingarstefnunnar. Líðan könnun lögð fyrir einstaklingslega á miðjum vetri.

Nemendur fóru í bókasafnskennslu eina kennslustund í um 6 vikur. Einnig fóru þau vikulega á bókasafnið og fengu tíma til að skoða bækur, skila og skipta.

Í jólaútlitum lásu börnin vísur og ljóð tengd jólum, Grýlu og jólakettinum. Auk þess sungu þau jólalög.

Á árhátíð Grunnskólans fluttu þau leikþátt um Egil í nútímabúningi og dönsuðu.

---

## 5.2 NÁMSMAT

---

Þrjú hraðlestrarpróf voru lögð fyrir, í september, janúar og maí. Lagt fyrir 1 Læsispróf og eitt próf sem heitir Lesmál sem er mat á lestri og réttritun. Hópvavinna og almenn vinnubrögð í byrjendalæsi einnig metið.

Í stærðfræði voru lagðar fyrir kannanir eftir hvern kafla í Sprota. Einnig var lögð fyrir stærri könnun að vori.

Í náttúru- og samfélagsfræði var mikil samþætting við byrjendalæsi. Foreldrum boðið á kynningu á Land og þjóð, metin framsögn og bók sem þau gerðu með texta og myndum.

---

## 5.3 FERÐALÖG

---

Náttúruskoðun við skólann og grasvöll, kóngulær.

Gönguferðir um nærumhverfi skólans í tengslum við Egil – götuheiti

Landnámssetrið – Egilssýning

Stofnanir í heimabyggð heimsóttar þ.e. heimsókn í Ráðhúsið, Heilsugæsluna og

Lögreglustöðina: Unnin veggspjöld og líkan af stofnunum úr endurvinnanlegu efni.

Sýnt á Opnum degi.

Heimsókn á fuglasagnið.

Vorferð í Hafnarskóg.

Kynning á sumarlestri í Safnahúsinu.



Vorferð í Hafnarskóg



Sumarlestur á Héraðsbókasafni

Anna Sigríður Guðbrandsdóttir og Sæbjörg Kristmannsdóttir.



---

## 6. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 3. BEKKJAR

---

Nemendur í 3. bekk voru 28 í byrjun skólaárs en einn nemandi skipti um skóla 1. desember og voru nemendur því 27 það sem eftir var vetrar. Kynjaskiptingin var 15 stúlkur og 12 drengir að vori. Nemendur voru í tveimur umsjónarhópum, 14 í öðrum og 13 í hinum.

Umsjónarkennarar hópsins voru Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir og Sigrún Sveinsdóttir og kenndu þær íslensku, stærðfræði, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsingatækni. Stuðningsfulltrúi allan veturinn var Sveinbjörg Stefánsdóttir. Íþróttir kenndu Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir. Textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir, hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir, heimilisfræði kenndi Katrín Rósa Eðvaldsdóttir og myndmennt var í höndum Gunnars Straumland. Tónlistarskólinn sá um tónmenntakennslu. Guðmunda Ólöf Jónasdóttir sá um sérkennslu í hópnum.

---

### 6.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Á hverjum morgni var farið yfir skipulag dagsins, sjónrænt skipulag sýnilegt á töflu. Námsgreinar hjá umsjónarkennurum voru settar sem X tímar á töflu. Kennt var samkvæmt aðferðum byrjendalæsis í íslensku og lögð var áhersla á samþætta kennsluna við aðrar námsgreinar sérstaklega náttúrufræði og samfélagsfræði. Mikil áhersla var lögð á lestur bæði í skólanum og heima. Tvo daga vikunnar voru hringekjur eða stöðvavinna þar sem unnið var í litlum hópum í ýmsum verkefnum. Sérkennari var oft nýttur til að vera með hóp á stöðvunum.

Í 8 vikur voru stöðvar einu sinni í viku þar sem 2. – 4. bekk var skipti hópa og unnið að ýmsum verkefnum t.d. hópefli, sköpun, ensku, leikir, minecraft í ipad og fl.

Umsjónarkennarar voru með hálfan bekk á móti tónmenntatímum sem nýttust til að koma til móts við hvern og einn, aðallega í íslensku og stærðfræði. Mælum með þessu fyrirkomulagi.

Í uppeldi til ábyrgðar, var gerður bekkjarsáttmáli um samskipti, farið yfir hlutverk nemenda og starfsfólks. Sérstök áhersla var lögð á að nemendur þekktu sínar þarfir og leystu úr ágreiningi á uppbyggilegan hátt.

Aðalnámsskrá grunnskólans var höfð að leiðarljósi við gerð kennsluáætlana.

Grunnefni í íslensku: Í íslensku var unnið eftir aðferðum byrjendalæsis, efni sem kennarar útbjuggu og notaðar voru bækurnar Ritrún 2 og Skrift 2-3 og lesskilningsefnið Lesrún 1.

Grunnnámsefni vetrar í stærðfræði: Sproti 3A og 3B, nemendabækur og æfingahefti ásamt fjölbreyttum verkefnum þar sem unnið var á hlutbundinn hátt. Einnig var áhersla á hugtakaskilning með umræðum. Gagnvirkt efni var jafnframt notað af námsvefum og spjaldtölvum.

Grunnefni í samfélagsfræði og náttúrufræði: Komdu og skoðaðu fjöllin, Komdu og skoðaðu hafið, og Trúarbragðafræði. Komdu og skoðaðu landakort og Komdu og skoðaðu hringrás. Einnig var bókin Könnun kortin unnin.

Nemenda / foreldraviðtöl: 17. október og 13. febrúar.

Námsmat: Símat í stærðfræði, kaflapróf úr Sprotu yfir veturinn. Lesfimi, hraði og nákvæmni skoðað þrisvar yfir skólaárið. Lesskilningsprófin Orðarún voru lögð fyrir í október og í febrúar. Einkunnir og umsagnir birtar nemendum og foreldrum á hæfnikorti í Mentor. Nemendur fengu vitnisburðarspjald að vori.

Haustfundur með foreldrum í september var haldinn snemma morguns og mæting var góð. Fjallað var um áherslur vetrarins og mikilvægi lestrarkennslu og heimalesturs.

Ýmsar uppákomur: Í lok október tókum við þátt í verkefninu Jól í skókassa. Nóvember: Nemendur tóku þátt í jólaútlitum og fórum með sögu/ljóðið Þegar Tröllli stal jólunum. Desember: Helgileikur á jólaskemmtun. Janúar: 100 daga hátíð. Mars: Kynningin á trúarbragðaverkefni fyrir foreldra. Apríl: Árshátíð skólans, nemendur fluttu stuttan leikþátt „Fimmtudagskvöld 1982“. Maí: fjöruferð í Akrafjöru. Opið hús í skólanum þar sem 3. bekkur sýndi ýmis verkefni frá vetrinum ásamt handverki úr list- og verkgreinum.

Guðrún Rebekka Kristjánsdóttir og Sigrún Sveinsdóttir

---

## 7. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 4. BEKKJAR

---

Nemendur í 4. bekk voru í upphafi 32, 16 drengir og 16 stúlkur. Einn drengur hætti, en tveir drengir og tvær stúlkur hófu nám í bekknum. Annar drengjanna kom undir vor, en þá var fjölskylda hans að koma frá Póllandi. Umsjónarkennarar voru þær Andrea Eðvaldsdóttir og Kristín Frímannsdóttir, en Kristín fór í sex vikna leyfi og á meðan leysti Dagmar Mýrdal Harðardóttir af. Dagmar var svo í 50% kennslu í árganginum frá áramótum. Stuðningsfulltrúar fram að áramótum voru þær Jónína Heiðarsdóttir og Guðbjörg Konráðsdóttir, sérkennarar á sama tíma voru þær Guðmunda Ólöf Jónsdóttir og Kolbrún Kjartansdóttir.

Aðrir kennarar sem komu að bekknum voru Hanna Sigríður Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Haraldur Stefnánsson sem kenndu íþróttir, Katrín Eðvaldsdóttir

kenndi heimilisfræði, Gunnar Straumland myndment, Eva Lára Vilhjálmsdóttir textílmennt og Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir hönnun og smíði.

---

## 7.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við hana. Mikil áhersla var lögð á lestur, bæði heima og í skólanum. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á samvinnu og námið sniðið að þörfum hvers. Stíft haldið utan um heimalestur hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Fyrstu vikurnar fóru að töluverðu leyti í að kynnast þar sem nýir kennsluhættir voru teknir upp (bekkurinn sameinaður í einn bekk og allir í sömu stofunni) einnig fór mikill tími í undirbúning fyrir samræmd próf í íslensku og stærðfræði, þjálfun í efninu og kynningu á formi prófanna sem var rafrænt.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar, þar sem umsjónakennarar tóku viðtöl við foreldra sinna umsjónarhópa. Þar var farið yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Einnig settu nemendur sér markmið. Áhersla var lögð á að ná samkend og jákvæðu andrúmslofti innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur þjálfuðust í að fara eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð og öguð vinnubrögð.

---

## 7.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Mikið var um fjölbreytta kennsluhætti, eins og stöðvavinnu, hringekju og paravinnu, einnig sem stuðst var við almenna bekkjarkennslu með innlögn og verkefnavinnu. Áhersla var lögð á að nemendur myndu öðlast aukið sjálfstæði við lausn verkefna. Kennarar nýttu sér mikið teymiskennslu/samkennslu og einnig lögðu inn námsefni í upphaf kafla/lotna. Vinnutímar voru þess á milli og þá fengu nemendur að vinna frjálst í skipulögðum tímum að ýmsum verkefnum, en aðrar kennslustundir þar sem unnið var í hópum/stöðvum.

Uppbygging til ábyrgðar mikið notuð til að efla hvern einstakling og auka sjálfstæði og trú á eigin getu. Hrós mikilvægt og getur það breytt miklu í starfinu dagsdaglega. Enska var kennd í lotu sem svarar tveimur kennslustundum í viku og farið var yfir grunninn eins og liti, tölur og aðra grunnþætti. Unnið var að mestu á ljósritum frá kennurum.

Mikil áhersla var á lestrarkennslu og var unnið með hana á fjölbreyttan hátt. M.a. voru settir upp lestrarhópar í samráði við Ástu Björk Björnsdóttur, kennsluráðgjafa. Nemendum var raðað í hópa eftir lestrargetu og unnið með hópana á fjölbreyttan hátt út frá getu hópsins. Hóparnir náðu yfir sex vikna tímabil.

Í samfélagsfræði var farið í verkefnið Ísland áður fyrr og var það unnið bæði í hópum og einstaklingslega. Íslenskukennslan líka var tengd inn í þetta efni.

Náttúrufræði var unnin á sama hátt og samfélagsfræðin en farið var í fugla og náttúruna í kringum okkur.

Í íslensku voru notaðar bækurnar Skinna 1, Lesrún, Réttitun, skrift og að auki ýmis verkefni frá kennara eða af vef.

Grunnefni í stærðfræði var Sproti 4a og 4b bæði nemandabók og æfingarhefti sem var notað þegar nemandi hafði lokið við verkefni í nemandabók. Að auki voru ýmis verkefni frá kennara. Íslenskuheimanám var fyrst og fremst lestur.

---

### 7.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var með reglulegu millibili og töluvert heimanám, þó ekki of mikið. Þrjár kannanir í íslensku og stærðfræði, tvær kannanir í ensku, þrjú hraðapróf í lestri og tvö lesskilningspróf í tveimur hlutum, stafsetningarkannanir, ritun og málfræði. Í samfélagsfræði og náttúrufræði var metin verkefnamappa, virkni og vinnubrögð. Í ensku voru verkefni og vinnubækur metnar. Í stærðfræði voru tekin kaflapróf í lok hvers kafla síðan voru tekin samræmd próf um haustið, miðsvetrarpróf og vorpróf sem og vinnubækur og verkefni metin jafn óðum.

---

### 7.4 VIÐBURÐIR

---

Farið var um haustið í göngutúr um nærumhverfi skólans og endað á Bjössaróló. Á degi íslenskrar tungu 16. nóv. var farið í leikskóla og lesið fyrir nemendur á leikskólunum. Nemendur áttu framlag í jólaútlitum þar sem farið var með ljóð, stökur og uppeldi til ábyrgðar kynnt. Nemendur tóku þátt í árshátíð skólans. Nemendur fóru í heimsókn í Safnahús Borgarfjarðar og fengu þar kynningu á fuglum, sem og skoðuðu sýninguna börn í 100 ár og Héraðsbókasafnið nýtt. Farið var vettvangsferðir í tengslum við samfélagsfræði verkefni sem þau unnu með og var sú ferð að Hvanneyri þar sem Landbúnaðarsafnið var skoðað og þau unnu verkefni út frá því. Einnig var farið að bænum Hesti og litið inn í sauðburð.

Andrea Eðvaldsdóttir og Kristín Frímansdóttir

---

## 8. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 5. BEKKJAR

---

Nemendur í 5. bekk voru 27. Kynjaskiptingin var 11 stúlkur og 16 drengir. Umsjónarkennarar hópsins voru Margrét Skúladóttir og Helga Stefanía Magnúsdóttir og kenndu þær í teymiskennslu íslensku, stærðfræði og ensku, Margrét kenndi auk þess samfélags og náttúrufræði. Stuðningsfulltrúi var Jónína Heiðarsdóttir sem nýttist fyrir hádegi aðallega í að láta lesa. Franziska Pálsdóttir tók 3 nemendur út í 5 tíma. Einnig tók Helena Guðmundsdóttir einstaka nemendur í Klett í örfá skipti á viku. Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Katrín Rósa Eðvaldsdóttir, myndmennt kenndi Gunnar Straumland, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir. Nemendur 5. bekkjar voru í hringekju í list og verkgreinum og voru auk þess í fimmtudagsvali sem breyttist þrisvar yfir skólaárið.

---

### 8.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, og námsárangur hvers nemanda. Áhersla var lögð á að nemendur færu eftir fyrirmælum, gætu haft vinnufrið og tekið ábyrgð á eigin námi og hegðun. Mikið hefur unnist í þeim efnum í vetur.

---

## 8.2 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á leiðsagnarmati, símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum og könnunum.

---

## 8.3 FERÐALÖG

---

Nemendur 5. bekkjar fóru í heimsókn á Landnámssetrið og sáu sýninguna um landnám Íslands. Einnig var farið í mai til Reykjavíkur á Þjóðminjasafnið og Sögusafnið. Þessar heimsóknir voru í tengslum við námsefni bekkjarins. Nemendur tóku þátt í frjálsíþróttamóti á haustdögum, jólaútlarpi (í desember), árshátíð (í apríl). Vorsýning var haldin á verkum nemenda á opnum degi, þann 17. maí.

Helga Stefanía Magnúsdóttir og Margrét Skúladóttir

---

## 9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 6. BEKKJAR

---

Í árganginum byrjuðu 39 nemendur, 22 drengir og 17 stúlkur. Árganginum var skipt upp í tvær bekkjardeildir með 19 og 20 nemendum í hvorum bekk. Stuðningsfulltrúi í bekknum var Bríet Lilja Sigurðardóttir. Kom hún inn að jafnaði í eina kennslustund á dag og tók út í lestur auk þess að fylgja árganginum í íþróttir og fylgja einum nemanda í list og verkgreinar. Kolbrún Kjartansdóttir kom inn með sérkennslu og áherslan var á þrjá nemendur í íslensku og stærðfræði. Eftir áramót tók Kolbrún auk þess einn hóp í auka stafsetningu og aðstoð með stærðfræði 1x í viku. Auk þessa voru þrír nemendur sem fengu stuðning frá Kletti þar sem Fanney Þorkeldsdóttir og Helena Guðmundsdóttir sóttu nemendur 1 – 2 í viku í 20- 40 mínútur í senn. Þrír nemendur voru ekki í dönsku heldur tók Hulda Hrönn Sigurðardóttir þá í auka íslenskukennslu og málörvun.



Í list og verkgreinum var árganginum skipt niður í þrjá jafn stóra hópa. Heimilisfræðikennsla var í höndum Katrínar Rósar Eðvaldsdóttur. Myndmennt var kennd af Gunnari Straumland. Hönnun og smíði var kennd af Guðrúnu Steinunni Guðbrandsdóttur og textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir. Íþróttakennsla var í höndum Sigrúnar Agnar Sigurðardóttur og Hönnu S. Kjartansdóttur.

---

## 9.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Unnið var með hliðsjón af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum fögum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir og tekið var mið af einstaklingsmiðuðu námi þar sem það átti við. Einnig var lögð áhersla á hópavinnu. Kennt var út frá Aðalnámsskrá grunnskóla og grunnþættir menntunar, læsi, sköpun, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði, velferð og sjálfbærni hafðir að leiðarljósi. Sameiginlegur undirbúningur var fyrir kennslu og kennt í teymiskennslu allan veturinn. Þórunn Kjartansdóttir hafði umsjón með kennslu náttúrufræðigreina, stærðfræði og upplýsinga og tæknimennt. Halldóra Björnsdóttir hafði umsjón með kennslu í íslensku, leiklist og ensku og dönsku. Bekkjarkennslu voru einu sinni í viku og Uppeldi til ábyrgðar nýtt í daglegum samskiptum. Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu eins og innlöggn og verkefnavinnu einstaklinga, einnig teymis- og hópavinnu. Unnið var töluvert með að ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda í öllum fögum. Mikil áhersla var lögð á lestur og lesskilning allan veturinn. Nemendur áttu alla virka daga að lesa heima og daglega (með undantekningum) upphátt fyrir kennara/samnemendur/ stuðningsfulltrúa. Þá var töluvert áhersla á þemakennslu og samþættingu námsgreina. Má þar nefna íslensku, samfélagsfræði, leiklist og upplýsinga- og tæknimennt. Í öllu starfi vetrarins var lögð áhersla á sköpun og læsi. Vinna í tölvum, i-pad og tjáning kom inn í flestar námsgreinar. Á haustdögum var unnið með Pals í stærðfræði.

Í upplýsinga og tæknimennt var notast við rafrænt verkefnahefti um ritvinnslu í Word, fingrafimi forrit og forritunar app (kids'ncods) og microbits og vefi í tengslum við Krakkarúv. Auk þessa var prófasafn samræmdra prófa og kynningarpróf inn á MMS.is kynnt fyrir nemendum í litlum hópum.

Í leiklist var unnið ýmsar æfingar eins og takt og traustæfingar, einnig spuna, framsögn og tjáningu. Stundum var unnið með námsefni úr öðrum greinum eða efni líðandi stundar og lífsleikni (uppbyggingarstefnan).

---

## 9.2 NÁMSFERÐIR OG ÚTIKENNSLA

---

Fyrsti viðburður skólaársins voru miðstigsleikarnir og síðan norræna skólahlaupið. Nemendur tóku þátt í jólaútvarpi, árshátíð og opnu húsi skólans að vori þar sem verk nemenda yfir skólaárið voru til sýnis. Í lok skólaársins var öllum foreldrum boðið á bekkjarfagnað þar sem auk þess var litla lestrarkeppnin þar sem þeir nemendur sem vildu fluttu vel valin ljóð út Skólaljóðunum. Sýningin Börn í hundrað ár var heimsótt í júní og fleira skoðað í Safnahúsinu. Vorferð 6. bekkjar var farin í byrjun maí og var ferðinni heitið í vesturbæ Reykjavíkur þar sem farið var í Vísindasmiðju unga fólksins annarsvegar og Norrænahúsið hins vegar og fræðst um starfsemina þar og húsið sjálft.

Halldóra R. Björnsdóttir og Þórunn Kjartansdóttir

---

## 10.SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 7. BEKKJAR

---

Nemendur í 7. bekk voru 27 í byrjun skólaárs en einn nemandi fluttist brott og því luku 26 nemendur skólaárinu, 10 stelpur og 16 drengir. Umsjónarkennari var Guðmundur Eyþórsson, hann fékk hjartaáfall í september og var frá vinnu í mánuð,

skólastjórnendur komu þá inn í kennsluna. Guðmundur kenndi stærðfræði, íslensku, náttúrufræði, samfélagsfræði og lífsleikni. Sóley Sigurbórsdóttir kom inn í stærðfræðikennsluna þegar á leið veturinn. Helga Stefanía kenndi dönsku og ensku.

Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Katrín Eðvaldsdóttir, myndmennt kenndi Gunnar J. Straumland, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir. Smíði og hönnun kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir.

Sérkennsla var í höndum Kolbrúnar Kjartansdóttur sem tók nokkra nemendur út í íslensku.

---

## 10.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Nemendur lásu í yndislestrarbókum í hljóði ásamt því að lesa fyrir stuðningsfulltrúa í heimalestrarbókum. Áhersla var lögð á heimalestur daglega. Lestrarhæfni var prófuð samkvæmt nýju samræmdu skipulagi Menntamálastofnunar, þrisvar á skólaárinu. Einnig var lesskilningur nemenda prófaður fjórum sinnum á skólaárinu.

Unnið var með hliðsjón af Aðalnámskrá grunnskóla í öllum fögum. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir og tekið var mið af einstaklingsmiðuðu námi þar sem það átti við. Einnig var lögð áhersla á hópavinnu.

Námsbækur í íslensku voru: Ljóðspor, Mál til komið, Orðspor – grunnbók og vinnubók og Töfraskinna. Auk þess sem ýmist annað námsefni var notað. Einnig var notað gagnvirkt námsefni af vef Menntamálastofnunar.

Námsbækur í stærðfræði voru: Stika 2A, Stika 2B, 3A og 3B auk námsefnis af Skólavefnum.

Námsbækur í náttúrufræði voru: Auðvitað, Sveppir og annað í nærumhverfinu.

Námsbækur í samfélagsfræði voru: Evrópa, grunnbók og vinnubók og Egla.

Mikil áhersla var lögð á lífsleikni og kennslu og umræður um samskipti, framkomu og gildismat. Gerður var bekkjarsáttmáli sem var leiðarljós nemenda í samskiptum þeirra á milli. Einnig var að sjálfsögðu unnið samkvæmt uppbyggingarstefnunni.

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat.

---

## 10.2 NÁMSMAT

---

Stuðst var við símat að öllu leyti. Metin voru verkefni nemenda og vinnubrögð og lögð voru kaflapróf. Samkvæmt nýrri leiðsögn Menntamálastofnunar var lestrarfærni prófuð þrisvar á skólaárinu. Lögð var áhersla á eflingu sjálfstæðra vinnubragða og í sumum prófum höfðu nemendur námsgögn með sér sem þeir þurftu að vinna með.

---

## 10.3 NÁMSFERÐIR OG ÚTIKENNSLA

---

Í nærumhverfi skólans var leitast við að hafa útikennslu þegar veður leyfði. Farin var stórskemmtileg ferð til Reykjavíkur á vordögum í boði Faxaflóahafna. Farið var að Borg þar sem fjallað var um Egilssögu.

Guðmundur Eypórsson

---

## 11. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 8. BEKKJAR

---

Nemendur í 8. bekk voru 29. Kynjaskiptingin var 13 stúlkur og 16 drengir. Umsjónarkennarar hópsins voru Fjóla Veronika Guðjónsdóttir og Hildur Hallkelsdóttir og kenndu þær í teymiskennslu náttúrufræði, samfélagsfræði og ensku. Fjóla kenndi auk þess íslensku og stærðfræði og Hildur lífsleikni og dönsku og var með sérkennslu í íslensku. Rán Höskuldsdóttir kenndi íslensku og Birna Hlín Guðjónsdóttir og Inga Margrét Skúladóttir kenndu stærðfræði. Birna Hlín kenndi auk þess lífsleikni á móti Hildi. Hanna S. Kjartansdóttir kenndi dönsku ásamt Hildi.

Stuðningsfulltrúar voru þau Kristín Amelía Þuríðardóttir og Jóhannes Magnússon. Sérkennsla var lítil sem engin.

Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Heimilisfræði kenndi Katrín Rósa Eðvaldsdóttir, myndmennt kenndi Gunnar Straumland, textílmennt kenndi Eva Lára Vilhjálmsdóttir og hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir. Fanney Þorkelsdóttir og Helena Guðmundsdóttir sáu um hluta af kennslu eins nemenda í árganginum í Kletti. Nemendur 8. bekkjar völdu sig á ákveðnar brautir fyrir miðvikudagsval, sem er einn klukkutími á viku og voru þau á sömu braut allt árið. Einnig voru þau í föstudagsvali sem var klukkutími á viku og völdu þau sér tvær greinar og var skipt um áramót.

---

### 11.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur

færu eftir fyrimælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd. Tókst það vel.

---

### 11.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hegðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum og sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu í samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu.

---

### 11.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum, lokaverkefnum skilað með fjölbreyttum hætti.

---

### 11.4 VIÐBURÐIR

---

Nemendur 8. bekkjar fóru í sólarhringsferð í skátaskálann í Skorradal þann 13 – 14 október. 8. bekkur fór í skíðaferðalag í Tindastól 1. - 2. febrúar. Gist var í Árskóla í Sauðárkróki. Þeir tóku þátt í Ofurbekkjaleikjum á unglingsstigi þann 22 september, jólaútlit (í desember), árshátíð (í mars/apríl), og útivistardegi 26. maí. 10. maí var Háskólalestin á ferðinni en þar gátu nemendur frá 7. bekk valið sig á hin ýmsu námskeið. Vorsýning var haldin á verkum nemenda á Opnum degi, þann 17. maí.

Fjóla Veronika Guðjónsdóttir og Hildur Hallkelsdóttir

---

## 12. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 9. BEKKJAR

---

Nemendur í 9. bekk voru 30. Kynjaskiptingin var 16 stúlkur og 14 drengir. Umsjónarkennarar hópsins voru Haraldur Már Stefánsson og Rán Höskuldsdóttir og kenndu þau hvor sínum hóp lífsleikni. Rán kenndi íslensku í árganginum og Haraldur samfélagsfræði og ensku. Stuðningsfulltrú í ár var Jóhannes Magnússon. Sérkennsla var lítil sem engin. Haraldur Már Stefánsson, Hanna Sigríður Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. List- og verkgreinakennarar voru Eva Lára Vilhjálmsson sem kenndi textílmennt, Gunnar Straumland sem kenndi myndmennt, Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir sem kenndi smíði og Katrín Eðvaldsdóttir sem kenndi heimilisfræði. Fanney Þorkelsdóttir sá um hluta af kennslu eins nemanda í árganginum í Kletti. Nemendur 9. bekkjar völdu sig á ákveðnar brautir fyrir miðvikudagsval, sem er einn klukkutími á viku og voru þau á sömu braut allt árið. Einnig voru þau í föstudagsvali sem var klukkutími á viku og völdu þau sér tvær greinar og var skipt um áramót.

---

### 12.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við Aðalnámsskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Áhersla var lögð á að hver nemandi fengi að njóta sín, einnig á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda. Áhersla var lögð

á jákvætt andrúmsloft innan nemendahópsins. Einnig var lögð áhersla á að nemendur færu eftir fyrirmælum og temdu sér sjálfstæð vinnubrögð og tileinkuðu sér samkennd.

---

## 12.2 KENNSLUHÆTTIR/ SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Lögð var áhersla að nemendur ynnu sjálfstætt, þeir unnu að samvinnunámi, lausnaleitarnámi, í hópavinnu, að fyrirlestrum og heimildavinnu. Einnig voru þemadagar nokkrum sinnum yfir skólaárið og unnu nemendur að ýmsum og fjölbreyttum verkefnum og röðuðust í hópa þvert á unglíngastigið.

---

## 12.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum, lokaverkefnum skilað með fjölbreyttum hætti. Einnig þreyttu nemendum samræmd könnunarpróf í íslensku, stærðfræði og ensku. Prófin fóru fram í mars og voru endurtekin að hluta í apríl þar sem íslensku og enskuprófin misfórust í framkvæmd um land allt.

---

## 12.4 VIÐBURÐIR

---

Nemendur 9. bekkjar fóru í fimm daga ferð, Skólabúðir að Laugum í Sælingsdal, dagana 23.-27. október. Þeir tóku þátt í Ofurbekkjjarleikunum á unglíngastigi þann 18. október, jólaúttvarpi í desember, árshátíð í apríl og útivistardegi 25. maí.

10. maí var Háskólalestin þar sem nemendur frá 7.-10. bekk gátu vali sig á hin ýmsu námskeið. Opinn dagur var haldin þann 17. maí á verkum nemenda frá skólaárinu sem



unnin voru í hinum ýmsu greinum og 9. bekkur var með kaffihús fyrir gesti og gangandi. Þann 22. maí fór árgangurinn í hálf dags ferð á Hernámssetrið í Hvalfirði í fræðslu, skoðum og súpu.

Haraldur Már Stefánsson og Rán Höskuldsdóttir

---

## 9. SKÝRSLA UMSJÓNARKENNARA 10. BEKKJAR

---

Nemendur í 10. bekk voru 19 í árganginum. Kynjaskiptingin var sex stúlkur og 13 drengir. Umsjónarkennari hópsins var Birna Hlín Guðjónsdóttir.

Birna kenndi þjóðfélagsfræði í árganginum og stærðfræði ásamt Ingu Margréti Skúladóttur. Páll Leó Jónsson kenndi ensku og dönsku, Rán Höskuldsdóttir kenndi íslensku og Hildur Hallkelsdóttir náttúrufræði. Hanna S. Kjartansdóttir, Haraldur Már Stefánsson og Sigrún Ögn Sigurðardóttir kenndu íþróttir og sund. Katrín Eðvaldsdóttir kenndi heimilisfræði, Gunnar Straumland myndmennt, Eva Lára Vilhjálmsdóttir textílmennt og hönnun og smíði kenndi Guðrún Steinunn Guðbrandsdóttir. Nemendur unglíngadeildar völdu sig á ákveðnar brautir fyrir miðvikudagsval sem var einn klukkutími á viku og voru þau á sömu braut allt árið. Einnig voru þau í föstudagsvali sem var klukkustund á viku og völdu þau sér tvær greinar og var skipt um áramót.

---

### 13.1 HELSTU ÁHERSLUR, KENNSLUHÆTTIR OG SKIPULAG

---

Stuðst var við aðalnámskrá grunnskóla og kennslan skipulögð í samræmi við það. Lagt var upp með að hver nemandi fengi að njóta sín. Áhersla var lögð á sjálfstæð vinnubrögð og námið sniðið að þörfum hvers og eins. Notaðar voru fjölbreyttar

kennsluaðferðir sem og fjölbreytt námsmat. Hugmyndafræði stefnunnar Uppeldi til ábyrgðar var nýtt í allri vinnu.

Foreldraviðtöl fóru fram tvisvar yfir veturinn, í október og febrúar þar sem farið var yfir líðan, námsferil og vinnu hvers nemanda.

---

## 9.2 KENNSLUHÆTTIR/SKIPULAG

---

Stuðst var við hefðbundna bekkjarkennslu – innlögn, verkefnavinnu og einstaklingsaðstoð. Einnig var unnið í hópum að sameiginlegum verkefnum. Nemendur unnu mikið sjálfstætt, en notaðar voru kennsluaðferðir eins og innlögn á töflu, samvinnunám, lausnaleytnám, hópavinna, fyrirlestrar og heimildavinna.

Í maí mánuði var brotin upp hefðbundin kennsla og fóru nemendur þá á ýmsa fyrirlestra, á námskeið í skyndihjálpi, í starfskynningar til fyrirtækja í Borgarbyggð og í heimsóknir til stofnana í tengslum við nám í þjóðfélagsfræði.

---

## 9.3 NÁMSMAT

---

Námsmat var byggt á símati á vinnu nemenda, verkefnabókum, vinnubókum, kaflaprófum, könnunum, ritgerðum og ýmsum verkefnum skilað með fjölbreyttum hætti. Námsmatið var metið og sett inn jafnóðum á [www.mentor.is](http://www.mentor.is) þar sem nemendur gátu fylgst með framvindu sinni.

---

#### 9.4 VIÐBURÐIR

---

Nokkrir nemendur tóku þátt í stærðfræðikeppni grunnskólanna sem fram fór á Akranesi í mars.

10. bekkur fór í dagsferð til Reykjavíkur í haust. Þar sem farið var m.a. í trampolíngarðinn og Reykjavík escape. 10. bekkur fór einnig í þriggja daga skólaferðalag í Skagafjörðinn í lok maí þar sem farið var á Bakkafliót í paintball, skotfimi, loftbolta o.fl. Nemendur tóku einnig þátt jólaútlarpi í desember, þemadögum og undirbúningsviku fyrir árshátíð sem lauk með árshátíð skólans. Þeir völdu sig í áhugasviðshópa fyrir árshátíðina, annað hvort í leiklist, tónlist, sviðsmynd, skreytingar, hár og förðun, búninga. Tæknimenn voru sérstaklega valdir af kennurum. Sett var upp frumsamið leikrit eftir kennara unglíngadeildar sem þeir nefndu „Dansað í takt við tímann“. Útivistardagur var í maílok og tóku nemendur þátt í honum.

Birna Hlín Guðjónsdóttir

---

### 10. SKÝRSLA ÍÞRÓTTAKENNARA

---

Allir bekkir frá 1. – 10. bekk voru með 2 tíma á viku í 40 mínútur í senn.

Kennslan fór fram í íþróttahúsinu, en bæði á haustin og vorin er farið út ef veður leyfir.

Í vor var ekki veður til útiveru svo kennslan var inni.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kynna allar íþróttagreinar, leiki, styrktaræfingar, þol, snerpu, liðleika o.fl. Norræna skólahlaupið var hlaupið í október.

Ofurbekkjaleikar fyrir unglíngastig voru haldnir haustið 2017.

Tekið þátt í Lífshlaupinu í febrúar.

Vorskólinn kom í maí. Kennarar voru Hanna S. Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og Haraldur Stefánsson.

---

## 10.1 NÁMSMAT

---

Frammistöðumat yfir skólaárið þar sem horft er á t.d. virkni í tímum, áhuga, vinnubrögð, samstarf og virðing fyrir skólafélögum og kennurum, mætingu.

Multistages Fitness test(Píp – þolpróf) er tekið einu sinni að hausti og einu sinni að vori fyrir 3.-10. bekk og er haft til hliðsjónar í námsmati.

Hanna S. Kjartansdóttir og Sigrún Ögn Sigurðardóttir

---

## 11. SKÝRSLA SUNDKENNARA

---

Allir bekkir frá 1.- 10.bekk fá 1 x sund í viku. Prófað var að hafa 1. bekkinn tvisvar sinnum í sunni og einu sinni í leikfimi í ca. átta vikur og reyndist það vel.

Bekkjum er skipt í hópa eftir fjölda nemenda í bekk en 5., 8., 9., og 10. bekkur voru kynjaskiptir. 9. og 10. bekk var kennt saman.

Kennslan fór fram í innilaug og rennibrautalaug hjá yngstu nemendum en aðallega í útilaug hjá elstu nemendum. 5. bekkur og uppúr eru aðallega úti.

Í kennslunni er lögð áhersla á að kenna nemendum allar sunnaðferðir, bæði í gegnum tækniæfingar og í leik. Áhersla á ýmis atriði sem koma fyrir í sundstigi hvers bekk. Einnig fórum við í ýmsa sundknattleiki, vatnsleikfimi og fleira samkvæmt Aðalnámsskrá.

Sundkennari fer alltaf ofan í laug með 1.bekk og jafnvel öðrum bekkjum ef þörf er á. Fatasund var í vor fyrir 5. og 9. bekk.

---

### 11.1 NÁMSMAT

---

Samræmd sundstig fyrir grunnskóla eru framkvæmd að vori og er tekið í 1. – 10.bekk.

Frammistöðumat að hausti og vori. Sundstig auk frammistöðu í tímum yfir veturinn gefur svo lokaekinn að vori.

Hanna S. Kjartansdóttir, Sigrún Ögn Sigurðardóttir og  
Haraldur Már Stefánsson

---

## 12. SÉRKENNSLA, ÞROSKAÞJÁLFUN, ÖNNUR STUÐNINGSÚRRÆÐI

---

Deildarstjóri sérkennslu skólaárið 2017-2018 var Hulda Hrönn Sigurðardóttir. Deildarstjóri sérkennslu er yfirmaður sérkennslumála, heldur utan um skipulag sérkennslu, teymisfundi og ber faglega ábyrgð á sérkennslu innan skólans. Samstarf hefur verið við námsverið Klett sem starfar innan skólans.

---

### 12.1 NEMENDATEYMI

---

Í sérkennslunni, eins og öllu öðru skólastarfi, er lögð mikil áhersla á gott samstarf heimilis og skóla. Þar sem þurfa þykir eru starfandi teymi um málefni nemenda. Mismunandi er hve teymin hittast of yfir veturinn, en algengast er að það sé á um það bil sex til átta vikna fresti. Á fundunum er farið yfir stöðuna, sameiginlega línur lagðar og áherslur mótaðar. Fulltrúar frá félagsþjónustunni og/eða sérfræðiþjónustunni sitja í þeim teymum sem við á. Foreldrar hafa sjálfir mest um það að segja hver aðkoma sérfræði- eða félagsþjónustu er að hverju teymi.

---

### 12.2 STUÐNINGSÚRRÆÐI GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

---

Í Grunnskólanum í Borgarnesi er lagt upp úr því að styðja vel við þá nemendur sem þurfa á séraðstoð að halda. Aðstoð er aðlöguð að þörfum hvers og eins. Um getur verið að ræða vanda með nám, félagslega stöðu, líðan eða eitthvað allt annað. Tímabil stuðnings getur verið allt frá nokkrum vikum, til alls skólaársins. Nemendur með frávik í námi fá aðlagð námsefni og/eða stuðning, innan eða utan bekkjar. Í sumum tilvikum nægir að styðja vel við nemendur svo þeir nái að halda í við bekkjarfélaga en í öðrum er betra að fara hægar yfir. Í einstaka tilfellum er veitt undanþága frá fögum en er það

ávallt gert í samráði við foreldra/forráðamenn. Nemendur með tilfinninga- og/eða hegðunarörðugleika fá stuðning eftir þörfum.

Aðaláhersla námslegs stuðnings er að mestu leyti á lestur, íslensku og stærðfræði. Gripið er inn í félagslegan vanda með félagshæfnisögum og félagslegri þjálfun og við tilfinningalegum vanda er CAT kassinn notaður ásamt reglulegum viðtölum, félagshæfnisögum og tímum í Búbbllunni, sem lesa má um á öðrum stað í skýrslunni. Á yngsta stigi (1.-3. bekkur) var áherslan lögð á lestrarþjálfun og talnaskilning. Nemendur fara til sérkennara ýmist einir eða í litlum hópi. Einnig studdi kennari nemendur inni í kennslustundum. Allt eftir því hvað hentar best hverju sinni. Í 4.-7. bekk voru nemendur oftast í litlum hópum hjá sérkennara. Algengast var að um lotukerfi væri að ræða, þ.e. að nemendur væru hjá sérkennara 2 – 3 í viku í sex vikur og tækju svo nokkurra vikna frí.

Fyrirkomulag sérkennslunnar í unglingadeild var með þeim hætti að sérkennslutímar voru kenndir í hóptímum í eða við bekkjarstofu, einnig var um að ræða skiptitíma, þar sem tveir kennarar voru með bekk og fátu því unnið með fámennari hópa. Einnig sóttu nemendur tíma í námsverinu Kletti. Stuðningsfulltrúar komu að lestrarþjálfun, námsaðstoð og stuðningi almennt.

---

### 12.3 SAMRÆMD KÖNNUNARPRÓF

---

Samræmd próf voru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk í september. Allir þreyttu prófið. Nemendur voru almennt ánægðir með að prófin rafrænt og lögðu sig fram við að leysa verkefnin af metnaði og áhuga. Mjög gott fyrir skipulag kennslu þessarra bekkja að niðurstöður liggi fyrir seint að hausti. Þá er hægt að nýta niðurstöðurnar til að bregðast við eins og þarf.

Hjá 4. bekk í íslensku kom fram að prófþættir eru nokkuð jafnið, en æfa þarf málnotkun betur. Ritunarþáttur, sem oft hefur reynst nemendum erfiður, hefur verið felldur út úr samræmdu prófi. Í stærðfræði hjá 4. bekk voru þeir þættir sem prófaðir er; tölur og talnaskilningur, reikniaðgerðir og rúmfræði, nokkuð jafnir. Í 7. bekk eru framfarir nemenda almennt svipaðar og gerist almennt á landsvísu. Þeir þættir sem eru prófaðir; málnotkun og lestur, eru fremur jafnir.

Í framhaldi af þessum niðurstöðum funduðu umsjónarkennarar og deildarstjóri sérkenndu með fulltrúa sérfræðiþjónustunnar. Farið var yfir niðurstöður, gerð úrbótaráætlun og aukinn/færður til stuðningur eins og þurfa þótti.

Samræmd próf voru lögð fyrir nemendur 9. bekkjar snemma í mars. Prófin voru alfarið rafræn og búið var að taka út ritunarþáttinn, þannig að það var auðvelt fyrir nemendur að nota iPad við að leysa prófið. Fyrirlögn gekk vel til að byrja með í íslenskuprófinu, en svo fór að bera á því að tenging rofanði og illa gekk að skrá sig inn. Strax var farið í að kanna nettengingar á staðnum, því engin tilkynning kom frá Menntamálastofnun. En þegar á leið kom tilkynning um að verið væri að laga kerfið og síðar var prófinu frestað, það var þó ekki fyrr en langt var liðið á próftímann. Þetta olli stressi og óöryggi hjá nemendum og það er gagnrýnisvert að prófið skyldi ekki blásið af fyrr, því nemendur reyndu að drífa sig eins og þeir gátu þegar þeir náðu að skrá sig inn og því má draga þá ályktun að árangur þeirra hafi verið lakari en vænta mætti í góðum prófaðstæðum. Stærðfræðiprófið gekk vel, en nemendur voru óöryggir, höfðu áhyggjur af því að þetta yrði eins og í íslenskuprófinu. Í enskuprófinu komu upp svipuð atvik og í íslenskuprófinu, en prófið var blásið af fyrr og færri nemendur sem náðu ekki tengingu við kerfið.



Prófin í ensku og íslensku voru lögð fyrir aftur seint í byrjun maí. Nemendur höfðu val um það hvort þeir tækju próf aftur. Um það bil þriðjungur nemenda í 9. bekk ákvað að taka prófið aftur. Þá gekk fyrirlögn vel og allir sáttir.

Í júní funda sérkennsluráðgjafi og deildarstjóri sérkennslu til að fara yfir niðurstöður og leggja línurnar fyrir næsta vetur. Fundað verður með umsjónarkennurum í ágúst til að fara yfir tillögur og ganga endanlega frá skipulagi.

---

### **13. SKÝRSLA TEXTÍLKENNARA**

---

#### **13.1 MARKMIÐ**

---

Ýtt er undir sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði við vinnu nemenda. Reynt er eftir fremsta megni að hafa verkefnin skemmtileg, krefjandi og skapandi. Notast er við hæfniviðmið aðalnámskrár í mati á nemendum.

---

#### **13.2 UPPBYGGING KENNLUNNAR / KENNSLUAÐFERÐIR**

---

Í textílmennt var skapandi vinna höfð að leiðarljósi. Verkefni eru lögð fyrir í upphafi tímans. Verkefnin eru útskýrð og nemendum er kynnt hvaða kennslugögn, efni og áhöld eru nauðsynleg til verkefnavinnunnar. Nemendur þurfa að skrifa nafn sitt uppá töflu svo allir fái aðstoð eftir þörfum. Kennari er Eva Lára Vilhjálmsdóttir.

Öllum árgöngum var skipt í tvo eða þrjá hópa þar sem nemendur voru 10-15 í hóp. Vetrinum var skipt í tvær lotur þar sem nemendur komu í fjórar vikur í senn fyrir áramót og í fimm vikur eftir áramót. 1. og 2. bekkur komu einu sinni í viku í 80 mínútur. 3. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 4. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn og einu sinni í 50 mínútur. 5., 6., og 7. bekkur komu tvisvar í viku í 120 mínútur

og einu sinni í 60 mínútur. 8. -10. bekkur kom einu sinni í viku í 120 mínútur. Hópar voru of fjölmennir og þá sérstaklega 3., 5. og 8. bekkur en þá voru 14-15 í hóp.

---

### 13.3 NÁMSEFNI OG GÖGN

---

Stuðst er við kennslubækur um textílmennt, bækur og blöð með uppskriftum, ásamt ýmsum hugmyndum sem hægt er að finna á netinu t.d. pinterest. Verklýsingar með útskýringum eru gerðar í upphafi svo að nemendur geta unnið sjálfstætt eftir þeim. Verkfæri og áhöld textílmenntstofunnar eru notuð ásamt helstu textílsefnum s.s. léreft, ull og flís. Allir afgangar af textílefnum eru endurunnin og verða t.d. að troði í púða og bangsa.

---

### 13.4 NÁMSMAT

---

Unnið var að námsmati allan veturinn þar sem stuðst var við metanleg hæfniviðmið aðalnámsskrár sem og virkni, vöndum vinnubrögð og verkefnaskil. Nemendur í 4. – 10. bekk var gefnin einkunn í bókstöfum en 1. – 3. bekkur fengu umsögn sem dregin er af fjórum táknum.

Eva Lára Vilhjálmsdóttir

---

## 14. SKÝRSLA MYNDMENNTAKENNARA

---

Allar námsgreinar sem nú eru á stundarskrám grunnskóla bæta við þroska og menntun nemenda, sérstaklega þar sem reynt er að virkja fjölgreindir nemenda og gefa þeim rými. Því eru list – og verkgreinar mikilvægar námsgreinar þar sem þar er skapandi hugsun er í fyrirrúmi.

Í Aðalnámskrá grunnskóla segir um listkennslu:

„Menntun í listum á að stuðla að því að nemendur öðlist hæfni til að:

- Takast á við ófyrirséða framtíð á skapandi hátt,
- Sjá nú mynstur og hugsa í lausnum,
- Þroska perónulega tjáningu og smekk“.

Þegar list – og verkgreinar eru unnar í samvinnu við hinar hegðbundnu bóknámsgreinar gerist oft ýmislegt spennandi. Samhæfing og samþætting námsgreina verður oft til þess að „dýnamískir“ hlutir gerast hjá nemendum þar sem hlutirnir eru skoðaðir frá óvæntum sjónarhornum og honar mismunandi áherslur magna heildarmyndina upp.

Öllum árgöngum var skipt í tvo eða þrjá hópa þar sem 10-15 nemendur voru í hverjum hóp nema í 1. bekk þar sem hópar voru minni, sjö – átta nemendur í hóp.

Vetrinum var skipt í tvær lotur þar sme nemendur komu í fjórar vikur í senn fyrir áramót og fimm vikur eftir áramót. 1. og 2. bekkur komu einu sinni í viku í 80 mínútur. 3. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 4. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 5.,6., og 7. bekkur komu tvisvar í viku í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur. 8. -10. bekkur komu einu sinni í viku í 120 mínútur.

---

## 14.1 KENNSLUAÐFERÐIR OG MARKMIÐ

---

Forgangsverkefni var að leysa hugmyndaflug og sköpunargleði úr læðingi hjá nemendum. Einnig var lögð sérstök áhersla á að auka sjálfstraust nemenda sem ætti að skila sér í sjálfstæðum vinnubrögðum. Reynar var að láta nemendur átta sig á því að til að geta komið sínum hugmyndum á framfæri á myndrænan hátt þarf að leggja það á sig að halda einbeitingu og sýna þrautseigju.

Lykilsetning: „Það geta allir teiknað“. Það er algjörlega bannað að segja „ég get ekki“ eða „ég nenni ekki“.

Í yngstu árgöngunum var reynt að kynna mismunandi nálganir á myndgerð fyrir nemendum. Lykilatriði þar er ánægja og sköpunargleði innan leiðbeinandi en fljótandi marka. Ýmsar aðferðir voru notaðar, allt frá teiknun og málun til klippimynda.

Á miðstigi fengu nemendur að kynnast mismunandi efni og aðferðum. Ákveðinn akademískur grunnur var settur og losað um út frá hverjum og einum nemanda. Sýnd var mismunandi myndgerð innan listasögunnar og verkefni unnin með hliðsjón af henni. Áhersla var lögð á sérstöðu mismunandi efna til myndgerðar og nýjir möguleikar á notkun kynntir.

Valhópar á miðstigi fengu að kynnast möguleikum og leyndardómum vatnslitamálunar þar sem sérstaða vatnslita sem miðils var í fyrirrúmi.

Á unglíngastigi var lögð áhersla á og rifjaðar upp ýmsar grunnaðgerðir til að hægt væri að vinna út frá hugmyndum hvers og eins nemanda. Tæpt var á tengslum hugmynda þeirra við listasöguna. Nemendum gerð grein fyrir mikilvægi æfingarinnar. „Learning by doing“ er lykilatriði í sköpunarferli og vinnslu mynda. Sjálfstæði í vinnubrögðum og sjálfstraust gilda öllu í slíkri vinnu. Mismunandi efni og aðferðir til myndgerðar voru notaðar.

Valhópar á unglíngastigi lærðu málun með akrýllitum þar sem mismunandi aðferðir til akrýlmálunar voru kynntar.

---

## 14.2 NÁMSMAT

---

Símat var í gangi þar sem stuðst var við metanleg hæfniviðmið aðalnámsskrár sem og virkni, vönduð vinnubrögð og verkefnaskil. Mikil áhersla var lögð á framfarir, sjálfstæða hugsun og vinnubrögð svo og þrautseigju.

Nemendur í 1. bekk fengu skriflega umsögn

Nemendur í 2. – 3. bekk fengu einkunnartákn

Nemendur í 4. – 10. bekk fengu einkunn gefna með bókstöfum.

Gunnar J. Straumland

---

## 15. SKÝRSLA SMÍÐAKENNARA

---

---

### 15.1 MARKMIÐ

---

Í hönnun og smíði er verið að þjálfa hæfileika til að leita lausna á vandamálum, að nemendur verði sjálfstæðir í verki og læri að líta á eigin verk og ákvarðanir gagnrýnum augum. Það er áhersla á verkkunnáttu, tækni, sköpun, fagurfræði og gildi, efnisþekkingu, líkamsbeitingu, túlkun og tjáningu. Eins að nemendur fái aðstæður til að dýpka hæfileika sína til að skapa og tileinka sér leiðir til að koma sköpun sinni í verk. Að þeir fái að þroskist í samvinnu við aðra, efla sjálfstæði sitt og sjálfsþekkingu og finni hæfileikum sínum farveg. Mikilvægt er að nemendur geti tengt nám í hönnun og smíði við þá fjölmörgu atvinnumöguleika sem þeim tengjast og að námið sé nauðsynleg undirstaða tæknilegrar og listrænnar þróunar. Í hönnun og smíði er mikil áhersla á að

allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunarkraft, samhæfingu hugar, hjarta og handar. Nemandinn fæst við verkefni sem hæfa þroska hans, gerir tilraunir og nýtir tækni í vinnu sinni. Þetta eykur sjálfsöryggi og starfsánægju og gefur jafnframt tækifæri til sköpunar.

---

## 15.2 UPPBYGGING KENNSLUNNAR / KENNSLUAÐFERÐIR

---

Í upphafi vetrar var farið yfir reglur og öryggisatriði í smíðastofunni, nemendur gerðu sáttmála um hegðun og umgengni ásamt kennara. Farið var yfir með nemendum til hvers var ætlast af þeim og hvernig þau yrðu metin yfir veturinn. Nemendur í 3. – 10. bekk voru með möppur þar sem skissur, hugmyndavinna og verklýsingar eru sett í. Kennsla í hönnun og smíði fólst í skylduverkefnum frá kennara og frjálsum vali nemenda. Nemendur byrjuðu á að hanna sitt verkefni, þar sem málsetning, efni og yfirborðsmeðferð eru ákveðin. Reynt er að fara eftir verkskissunni sem getur þó breyst. Í lok verkefnis gerður nemendur verklýsingu af verkefninu og skila í möppu.

Öllum árgöngum var skipt í tvo eða þrjá hópa þar sem 10-15 nemendur voru í hverjum hóp. Vetrinum var skipt í tvær lotur þar sem nemandur komu í fjórar vikur í senn fyrir áramót og fimm vikur eftir áramót. 1. og 2. bekkur komu einu sinni í viku í 80 mínútur. 3. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 4. bekkur kom tvisvar í viku í 80 mínútur í senn. 5., 6. og 7. bekkur komu tvisvar í viku í 120 mínútur og einu sinni 60 mínútur. 8.-10. bekkur komu einu sinni í viku í 120 mínútur. Skylduverkefni bekkja voru eftirfarandi. 1. bekkur, púsluspil og kassi utan um það og fígúra úr afgangskubbum, 2. bekkur, milla og sprellikar/dýr úr afgangskubbum, 3. bekkur, tímaritabox og róbót úr afgangskubbum, 4. bekkur, fígúrurúm og blöðrubátur. 5. bekkur, víkingavopn og dagatal, 6. bekkur, kollur/borð með leynihólfi, 7. bekkur klukka/ rafknúinn bíll, 8.

bekkur, gestabók, bólstrun á stólum, 9. og 10. bekkur höfðu frjálst verkefnaval og bólstrun á stólum.

---

### 15.3 NÁMSEFNI / GÖGN

---

Stuðst er við kennslubækur um smíði, ýmsar bækur með hugmyndum að smíðahlutum/öðrum hlutum sem og verkefnabrunna á vefnum. Verkefnamappa, verkfæri og áhöld smíðastofunnar, náttúran og efni úr henni, endurnýtt og gefins efni frá fyrirtækjum og einstaklingum. Litir, málning, bæis og allskyns endurnýttir hlutir ásamt aðkeyptu efni. Verkefnamappa nemenda.

---

### 15.4 NÁMSMAT / FRAMMISTÖÐUMAT

---

Símat var allan veturinn þar sem stuðst var við metanleg hæfniviðmið aðalnámskrár sem og virkni, vönduð vinnubrögð og verkefnaskil. Nemendum er gefið í fjórum táknum fyrir verkefni.

1.2. og 3. bekkur fá lokaekinn í táknum en 4. -10. bekkur í bókstöfum.

Guðrún St. Guðbrandsdóttir

---

## 16. SKÝRSLA HEIMILISFRÆÐIKENNARA

---

Nemendur í Grunnskólanum í Borgarnesi eru í heimilisfræði frá 1. til 10. bekk. Nemendum er skipt í hópa eftir stærð árganga. 1. -7. bekkur koma í fjórar vikur á haustönn og fimm vikur á vorönn. 8. – 10. bekkur koma í níu vikur samfleytt.

- 1. bekk er skipt í þrjá hópa, kynjaskipt sjö til átta nemendur í hverjum hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 80 mínútur í senn. Stuðst er að hluta við námsefnið *Heimilisfræði fyrir byrjendur*, þó eru einnig notaðar uppskriftir á netinu.
- 2. bekk er skipt í tvo hópa, 12 í öðrum hópnum og 13 í hinum. Þau mæta einu sinni í viku í 80 mínútur í senn. Stuðst er við námsefnið *Hollt og gott 1*, þar má finna einfaldar uppskriftir og verkefni sem koma inn á hreinlæti í eldhúsum og heilbrigði tanna og líkama.
- 3. bekk er skipt í tvo hópa, 14 nemendur í hvorum hópi. Þau mæta tvisvar í viku, 80 mínútur. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 2*, en einnig eru notaðar uppskriftir af netinu.
- 4. bekk er skipt í þrjá hópa, tveir hópar með 12 nemendum og einn með 11 nemendum. Þau mæta tvisvar í viku, 80 mínútur í senn. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 3* og einnig uppskriftir á netinu.
- 5. bekk er skipt í tvo hópa, 13 - 14 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta einu sinni í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur á viku. Stuðst er við námsefnið *Heimilisfræði 4* en einnig er notaðar uppskriftir á netinu. Nemendur gerðu einnig verkefnahefti sem kennari útbjó úr *Gott og gagnlegt 1*.
- 6. bekk er skipt í þrjá hópa, 13 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 120 mínútur og einu sinni í 60 mínútur. Flestar uppskriftirnar koma af netinu, unnið er í verkefnaheftinu sem kennari útbjó þar sem stuðst er við námsefni úr bókinni *Gott og gagnlegt 1*.
- 7. bekk er kynjaskipt í tvo hópa, 14 – 15 nemendur í hvorum hópi. Þau mæta tvisvar í viku, einu sinni í 60 mínútur og einu sinni í 120 mínútur. Flestar uppskriftirnar má finna á netinu en einnig er stuðst við námsefni úr *Gott og gagnlegt 2*.



- 8. bekk er skipt í tvo hópa, með 14 – 15 nemendum í hvorum hóp. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Nemendur fengu að koma með hugmyndir af uppskriftum en flestar uppskriftirnar komu af netinu. Undirstaða námsins felur í sér að elda máltíð.
- 9. og 10. bekkur eru blandaðir saman, þeim er skipt í fjóra hópa, 12 – 13 nemendur í hverjum hópi. Þau mæta einu sinni í viku í 120 mínútur. Nemendur fengu að koma með hugmyndir af uppskriftum en flestar uppskriftirnar komu af netinu. Undirstaða námsins felur í sér að elda máltíðir. Heimilsfræði kenndi Katrín Rósa Eðvaldsdóttir

---

## 16.1 KENNSLUÆÐFERÐIR OG NÁMSMAT

---

Nemendur eru metnir eftir viðmiðum úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Verkefnum er hagað eftir getu nemenda hverju sinni með hvatningu að leiðarljósi, þannig þau geti lært að njóta þess að verða sjálfbjarga í eldhúsinu og notið þess að borða hollan og góðan með hreinlæti í fyrirrúmi. Áhersla var lögð á næringu, hollustu, matreiðslu og vinnubrögð matvæla, hreinlæti, neytendafræði og umhverfisvernd samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla. Einnig var horft til virkni nemenda í tímum, sjálfstæði, vinnubrögð og frágang ásamt skriflegum verkefnum.

---

## 16.2 ÁHERSLUR

---

Á yngsta stigi er lögð áhersla á að nemendur tileinki sér almennt hreinlæti, geti valið sér hollan mat, geti farið eftir einföldum uppskriftum, sagt frá helstu hættum í eldhúsi og tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.

Á miðstigi er lögð áhersla á að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum um þrif og hreinlæti. Matreitt einfaldar og hollar uppskriftir og nýtt hráefnið sem best. Unnið

sjálfstætt eftir uppskriftum, greint frá helstu orsökum slysa og skilið einfaldar umbúðarmerkingar.

Á elsta stigi er lögð áhersla á flóknari uppskriftir sem nemendur lögðu sig fram við að vinna. Þau þjálfuðust í að skipuleggja vinnu sína í eldhúsinu við eldamennsku, bakstur og frágang. Rík áhersla var lögð á sjálfstæði í vinnubrögðum og að geta nálgast uppskriftir á netinu og breytt þeim eftir þörfum hvers og eins. Farið var yfir rétt fæðuval, góðar matarvenjur með hliðsjón af ráðleggingum Lýðheilsustöðvar. Á öllum stigum var lögð rík áhersla á snyrtimennsku bæði hvað varðar handþvott og frágang í eldhúsi þ.e. umgangast eldhúsið af virðingu og varast þær hættur sem þar eru. Stuðst var við kennslubækur, næringar – og uppskriftarbækur frá bókasafni skólans, upplýsingar um næringafræði og uppskriftir á netinu ásamt efni frá kennara.

Katrín Rósa Eðvaldsdóttir

---

## 17. VAL

---

Val á yngsta stigi hafði ekki fastan tíma í stundaskrá þennan veturinn. Umsjónarkennarar sinntu því hver fyrir sig inni í bekk.

Á fimmtudögum voru tvær kennslustundir á miðstigi helgaðar vali þar sem nemendur í 5. – 7. bekk völdu viðfangsefni þvert á bekki. Þá blönduðust nemendur í hópa eftir áhuga þar sem fengist var við skapandi og spennandi viðfangsefni.

Valið skiptist í fjórar lotur yfir veturinn, tvær fyrir áramót og tvær eftir áramót. Í lotu eitt var boðið uppá sex námskeið þ.e. áttahagafræði, láttu þér líða vel, tilraunir í eldhúsinu, tungumál fuglanna, um mig og útikennsla og leikir. Í lotu tvö var það fjölbreytt spilamennska, jóga, pappamassi og fönður, tilraunir í eldhúsinu, umhverfið

okkar og vatnslitamyndir. Eftir áramót í lotu þrjú var boðið uppá átthagafræði, fjölbreytta spilamennsku, kökuskraut, láttu þér líða vel, nýsköpun, tilraunir í eldhúsinu og vatnslitamyndir. Í lotu þrjú var það síðan átthagafræði, hollir og fljótlegir réttir, jóga, kökuskraut, útikennsla og leikir, smíðanámskeið og vatnslitamyndir. Nemendur fengu valblað í upphafi skólaárs og völdu þá í fyrstu tvær loturnar og síðan annað valblað í byrjun janúar og völdu þá í lotu þrjú og fjögur. Kennsla var í höndum kennara skólans.

Valgreinar í unglिंगadeild eru hluti af skyldunámi í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla. Tilgangurinn með valfrelsi nemenda á unglिंगastigi er að hægt sé að laga námið sem mest að þörfum einstaklingsins og gera hverjum og einum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Nemendur fengu valblað í upphafi skólaárs og völdu þá fyrir allan veturinn.

- Áhersla er lögð á að nemendur velji valgreinar í samráði við foreldra.
- Mætingarskylda er í valgreinar jafnt og í öðrum greinum.

Val í unglिंगadeild var með tvennum hætti annars vegar fór fram brautarval á miðvikudögum og einnig var val á föstudögum.

Brautaval á miðvikudögum var 1,5 kest. í senn og var kennt á sex brautum. Á hverri braut eru fimm lotur/námskeið yfir veturinn og hver lota er að meðaltali í sex til sjö vikur. Nemandi valdi sér braut sem hann var á allt árið og segja má að innihald hverrar brautar hafi verið þematengt. Lögð var áhersla á að nemendur væru meðvitaðir um inntak þeirra brauta sem þeir völdu.

Þær brautir sem í boði voru eru Hreyfing, Listabraut, Framabraut, Fjölbraut, Knapamerkið og lön. Kennsla í vali var í höndum kennara skólans nema í knapamerkinu en það er samstarfsverkefni hestamannafélagsins Skugga og skólans. lönval er

samstarf Grunnskólans í Borgarnesi og fyrirtækja í bænum. Þar sem nemendum gafst tækifæri til að kynnst ýmsum iðngreinum á aðeins dýpri hátt en í hefðbundinni starfskynningu. Nemendur fóru á vinnustaðina í 6 vikur í senn og fengu að taka þátt í starfinu þar. Til þess að nemendur gætu kynnst iðngreininni á sem viðamestan hátt var möguleiki gefinn á að viðveran á vinnustaðnum væri óháð val tímum í stundatöflu. Þær iðngreinar sem nemendur fengu m.a. að kynnst voru málmsmíði, trésmíði, múrverk, bifvélavirkjun, bílasprautun, rennismíði, bakaraiðn, kjötiðn, þjónn, kokkur, hárgreiðsla og almenn afgreiðslustörf á bensínstöð.

Á föstudögum var einnig val fyrir 8.- 10. bekk, 1,5 kest. í senn og voru sex námskeið í boði fyrir áramót og sex eftir áramót. Sum námskeiðin náðu yfir allan veturinn en önnur einungis í boði fyrir eða eftir áramót. Þau námskeið sem voru í boði voru skólahreysti, Láttu þér líða vel, skák, leikir og spil, tálgað í tré, undirbúningur fyrir bílpróf, Bærinn okkar Borgarnes, Stjörnufræði og útikennsla.

Þeir nemendur sem sátu í stjórn Nemendafélagsins, voru sjoppustjórar eða tæknimenn gátu sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest. á viku. Þeir sem stunduðu afreksíþróttir voru í tónlistarskóla eða stunduðu nám í MB eða öðrum framhaldsskóla gátu einnig sótt um undanþágu frá vali 1,5 kest. á viku.

Kristín M. Valgarðsdóttir

---

## 18. VETTvangsferðir Á VEGUM GRUNNSKÓLANS Í BORGARNESI

---

Vettvangsferðir eru m.a. leið skólans til að tengja námið veruleikanum utan skólastofunnar og færa þannig bóklegt nám nær reynsluheimi nemandans hverju sinni. Listinn hér að neðan eru þær vettvangsferðir sem farið var í.

- **1. bekkur:**  
Sveitaferð.  
Gróðursetning á Borg að vori.
- **2. bekkur:**  
Heimsókn á Landnámssetrið.  
Einkunnir / Hafnarskógur – ratleikur –grill að vori.
- **3. bekkur:**  
Fjörufurð eða fjallaferð.
- **4. bekkur:**  
Hvanneyri - Ullarsel og búvélasafn að vori.  
Heimsókn í leikskólana og dvalarheimilið.  
Börn í 100 ár, baðstofa.  
Innanbæjarferð.
- **5. bekkur:**  
Þjóðminjasafn  
Rannsóknarferð í Einkunnir; haust, vetur og vor.  
Gróðursetning á Borg að vori.
- **6. bekkur:**  
Snorrastofa.  
Heimsókn á Landnámssetrið.
- **7. bekkur:**

Námsferð að Reykjum.

- **8. bekkur:**

Skíðaferð.

- **9. bekkur:**

Skólabúðirnar að Laugum. Skólustjóri og umsjónarkennari sjá um skipulagningu ferðarinnar.

Hernámssetrið skoðað í tengslum við stríðsárin.

- **10. bekkur:**

Nemendur fóru í þriggja daga skólaferðalag.

10. bekkur fer í dagsferð til Reykjavíkur.

---

## 19. NEMENDAFÉLAG - FÉLAGSSTARF

---

Stjórn Nemendafélags Grunnskólans í Borgarnesi, sem skipuð er nemendum úr 8.- 10. bekk, skipuleggur í samstarfi við skólustjórnendur félagsstörf nemenda og sér um framkvæmd þeirra ásamt því að vera ráðgjafi skólustjórnenda um ýmis málefni. Nemendaráð semur starfsáætlun þar sem allir félagsmenn eiga að finna eitthvað við sitt hæfi og skal sjá til þess að upplýsingar um félagsstarfið séu vel kynntar öllum er málið varðar.

Nemendur úr NFGB eiga fulltrúa í Húsráði Óðals sem skipað er fulltrúum úr skólum sveitarfélagsins. Húsráð Óðals sér um allt skipulag sem fellur undir starf er tengist félagsmiðstöð,

Aðalstjórn NFGB fundar að jafnaði einu sinni í viku með deildarstjóra og sér um að skipuleggja það starf sem fellur beint undir skólann. Helstu verkefni er stjórnin stóð að

Í vetur voru t.d. rekstur á sjoppu í skólanum, ferð á Lyngbrekkuball, ferð á Skólahreysti, hrekkjavökuball fyrir yngstu nemendur og jólaútlit. NFGB stóð einnig fyrir skuggakosningum í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga. Stjórn nemendafélagsins sendi áskorun til sveitarstjórnar Borgarbyggðar varðandi endurskipulagningu á lóð grunnskólans þegar viðbyggingu og breytingum við skólann er lokið. Skorað var á sveitarstjórn að sjá til þess að á lóð grunnskólans verði gert ráð fyrir svokallaðri hreystibraut ásamt því að gera viðunandi aðstöðu til körfuboltaíðkunar.

Hlutverk tæknimanna er nokkuð stórt þar sem þeir koma að tæknimálum við ýmsar upptökur sem haldnar eru í skólanum t.d. árshátíð, skólaslit, fyrirlestra og aðra þá viðburði sem eru haldnir auk þess sem aðrir stjórnarmenn aðstoða þá við undirbúning og frágang. Sjoppustjórar sjá um að halda utan um rekstur sjoppu í skólanum og kemur stuðningsfulltrúi að skipulagningu starfsins með þeim ásamt því að sjá um innkaup.

Eitt stærsta verkefni NFGB er jólaútlit skólans sem sendir út eina viku í byrjun desember. Nemendur og bekkir semja og undirbúa útlit þætti að hluta til á skólatíma undir stjórn kennara. Þættir yngstu nemendanna eru teknir upp fyrir fram en nemendur í eldri deild eru almennt í beinni útsendingu. Allt utanumhald tæknimála, söfnun auglýsinga og fleira er í höndum stjórnar NFGB. Jólaútlitið er ein helsta tekjuöflun félagsins og fara fjármunir sem safnast vegna auglýsinga í sjóð ásamt öðrum þeim tekjum sem félagið aflar t.d. með sjoppu.

Hagnaði af starfsemi félagsins er síðan varið til niðurgreiðslu á kostnaði vegna þeirra viðburða og verkefna sem NFGB stendur fyrir, ásamt því að styrkja ferðir félagsmanna á skólaárinu.

**Stjórn NFGB skólaárið 2017 – 2018 skipuðu:**

Marinó Þór Pálmason, formaður

Bjartur Daði Einarsson, varaformaður

Elinóra Ýr Kristjánsdóttir, meðstjórnandi

Berghildur Björk Reynisdóttir, gjaldkeri

Emma Sól Andersdóttir, ritari

Jón Steinar Unnsteinsson og Steinar Örn Finnbogason, sjoppustjórar.

Axel Stefánsson og Sigfús Páll Guðmundsson, tæknistjórar.

Lög og starfsreglur NFGB má finna á heimasíðu skólans.

<http://grunnborg.is/nemendur/starfsreglur-nemendafelagsins-nfgb/>

Kristín M. Valgarðsdóttir



---

## 20. ÞRÓUNARVERKEFNI

---

---

### 20.1 LESTUR

---

Í vetur hefur verið lögð talsverð áhersla á lestur og fylgja eftir lestrarstefnu leik- og grunnskóla Borgarbyggðar. Það hafa verið haldin tvö hraðlestarnámskeið til að auka hraða nemenda í lestri og voru þau haldin í nóvember og febrúar. Hraðlestrarnámskeiðið byggist á því nemendur fá hefti sem inniheldur 8 lestexta sem lesnir eru á 16 dögum, þ.e.a.s. að sami textinn er lesinn tvisvar sinnum. Nemendur lesa í eina mínútu 3 x sinnum og merkja með þrem mismunandi litum hversu langt þeir komust í hvert skipti. Það eru síðan talin orðafjöldi eftir fyrsta lestur og skráð, annan lestur og skráð og þriðja lestur og skráð, Síðan er sami texti lesinn aftur daginn eftir og slíkt hið sama gert. Það er miðað við að þetta sér gert að lágmarki 4 daga vikunnar og á að vera viðbót við annan heimalestur. Markmiðið með hraðlestrarnámskeiðinu er eingöngu að auka hraða nemenda í lestri. Nemendur fá námskeiðstexta allt eftir því hvar þau eru stödd í leshraða út frá lesfímiviðmiðum viðmiðum MMS. Þeim er raðað á hraðlestrarnámskeið út frá lesfímiprófunum í september og í janúar þannig nemendur í sama árgangi eru ekki endilega með sama prófið. Sumir kennarar voru dugleg að lestraprófa þau eftir hraðlestrarnámskeiðið og var frábært að sjá hvað þau voru að bæta sig mikið í hraða. Það eru talsvert miklar framfarir hjá þeim nemendum þar sem hraðlestrarnámskeiðunum var vel sinnt og kennarar fylgdu því eftir að þetta væri gert. Einnig er almenn ánægja meðal foreldra með hraðlestrarnámskeiðin.

Búnir voru til verkferlar varðandi heimalestur sem umsjónakennari á að fara eftir og halda utan um skráningu ef heimalestri er ekki synt sem skildi til að halda betur utan um heimalesturinn og veita foreldrum aðhald um að heimalestri sé synt sem skildi.

Kennarar á yngsta stiginu í Borgarbyggð hafa verið að hittast ca. einu sinni mánuði á lestrarfundum og þar hefur verið farið yfir hvað er verið að gera í lestrarkennslu, vinna saman í að gera kennsluáætlanir sem nýtast í byrjendalæsiskenndum. Fara yfir íslenskumarkmiðin samkvæmt aðalnámskrá og skipta þeim niður á bekkina. Kennarar að segja frá verkefnum sem þeir hafa verið að gera og miðla þannig hugmyndum á milli skóla og deilda. Þessir fundir hafa verið mjög skilvirkir og eru kennarar ánægðir með þá og finnst þeim græða talsvert á þeim. Eins eru haldnar byrjendalæsismiðjur fyrir kennara í byrjendalæsisnámi og eru 5 smiðjur fyrir kennara á 1.ári í byrjendalæsi og fimm smiðjur fyrir kennara á 2.ári í byrjendalæsi. Á 1.ári í Bl-námi var einn kennari og á 2.ári í Bl-námi var einn kennari.

Síðastliðið vor kom út lestrarstefna leik-og grunnskóla Borgarbyggðar og til að fylgja henni eftir voru búnir til litlir bæklingar (einblöðungur) þar sem tiltekið var helstu áherslur í lestri og lesskilning ásamt yfirliti yfir próf og skimanir í viðkomandi bekkjum og hvenær þessar skimanir færu fram. Þessum bæklingum var dreift með lestrarstefnunni til allra foreldra og eru þeir aðgengilegir inn á heimasíðu skólanna <http://grunnborg.is/nam-og-kennsla/lestur/1-bekkur-foreldrabæklingur-2/>

Í framhaldinu var síðan gert bókamerki með boðskapnum, þar sem verið er að minna á lestrarstefnu Borgarbyggðar ásamt ýmsum fróðleik eins og mikilvægi þess að lesa og hinu megin á bókamerkinu eru tillögur að umræðuefni til að spyrja börnin að að loknum lestri.

Fjóla Benediktsdóttir

---

## 20.2 HEILSUEFLANDI SKÓLI

---

Hreyfing, hollusta og heilbrigðir lífshættir eru mikilvægir í skólastarfi. Grunnskólinn í Borgarnesi tekur þátt í verkefninu heilsueflandi grunnskóli á vegum Landlæknisembættisins. Verkefnið gengur út á að fræða alla í skólasamfélaginu um heilsusamlega lífshætti, líkamlega og andlega heilsu. Heilsa er skilgreind sem líkamleg, andleg og félagsleg velferð. Til að stuðla að góðri heilsu þarf, í samvinnu við heimilin, að leggja rækt við hollar lífsvenjur nemenda. Nemendur geri sér grein fyrir eigin ábyrgð og öðlist skilning á því að heilbriggt lífferni stuðli að almennri velferð. Í vetur var áherslan á geðrækt og eflingu sjálfsmyndar. Við réðumst í smá tilraunaverkefni og réðum inn velferðarkennara (sjá nánar í kafla 23). Þetta tilraunaverkefni tókst vel til og ætlum við að hafa það í gangi áfram. Við ákváðum að taka þátt í nokkrum viðburðum tengdum hreyfingu og geðrækt. Á haustönn tókum við þátt í *Göngum í skólann*, þeir sem það gátu og Norræna skólahlaupinu. Á vorönn tókum við þátt í Lífshlaupinu einnig sem við tókum fyrir ákveðið geðræktarverkefni á hverju stigi. Á yngsta stigi var tekin fyrir tannverndarvika, miðstigið tók fyrir dag líkamsvirðingar og elsta stigið tók fyrir dag svefnsins. 7. – 9. bekkur tók einnig þátt í Tóbakslaus bekkur.

---

## 20.1 GRÆNFÁNI

---

Umhverfistnefnd tók til starfa á haustmánuðum, skipuð einum fulltrúa úr hverjum árgangi skólans auk nokkurra starfsmanna. Verkefni vetrarins var að vinna að því að flagga Grænfánum í 8. sinn vorið 2019. Við fylgdum skrefunum sjö og byrjuðum að velja okkur þema. Fyrir valinu varð „Rusl og úrgangur“. Þá var gert mat á stöðu þessara mála í skólanum og voru niðurstöður kynntar á fundi snemma í vor.

Í framhaldi af því setti nefndi fimm markmið sem vinna skal að næsta vetur. Þau eru;

- Að takmarka sorp og flokka betur
- Nýta betur pappír
- Fara vel með allar eigum skólans. T.d. nýta betur bækur og önnur námsgögn
- Óskilamunir í réttar hendur
- Fræðsla

Í skólabyrjun haustið 2018 mun nefndin útfæa vinnu við markmiðin í samræmi við „skrefin sjö“. Gerð var sú breyting á fyrirkomulagi að sama umhverfisnefnd starfar áfram næsta vetur að viðbættum varamönnum, þannig að hún verður helmingi fjölmennari.

---

## 20.1 UPPELDI TIL ÁBYRGÐAR

---

Meginatriðið er að kenna börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og styrkja sjálfsmynd. Uppbyggingarstefnan leggur áherslu á lífsgildi fremur en reglur og ábyrgð frekar en blinda hlýðni. Litið er svo á að öll börn séu í eðli sínu góð og vilji hegða sér vel. Hins vegar hafi börn ekki þann hæfileika í byrjun að geta metið hvaða áhrif hegðun þeirra hefur á aðra. Það er hlutverk hinna fullorðnu að kenna þeim að öðlast þann skilning í gegnum samskipti þeirra við aðra. Fullorðnir eru því mikilvægar fyrirmyndir í lífi barna.

Uppeldi til ábyrgðar ( uppbyggingarstefnan ) leggur áherslu á

- jákvæð og uppbyggjandi samskipti og gagnkvæma virðingu
- ábyrgð hvers og eins á eigin hegðun (við getum stjórnað okkur, ekki öðrum!)

- að það er í lagi að gera mistök en mikilvægt að draga lærdóm af þeim (vaxa við hverja raun).
- að finna leiðir til að uppfylla þarfir sínar á jákvæðan hátt án þess að það komi niður á öðrum.

Samkvæmt uppbyggingarstefnunni eru grunnþarfirnar fimm og er hver þörf skilgreind út frá því sem einkennir hana. Flest okkar hafa fleiri en eina ríkjandi þörf og það hafa börnin líka, þótt ung séu. Öll hegðun hefur tilgang en þegar við þekkjum þarfir okkar leitum við leiða til að uppfylla þær sem best án þess að ganga á þarfir annarra. Kennarar fara yfir hópinn sinn og reyna að meta þarfir hvers nemandar með það að markmiði að geta sem best mætt þörfum þeirra. Þetta er æfing sem lærist smátt og smátt og gott að gefa sér tíma til að „læra“

Leiðbeiningabók var kynnt á starfsmannafundi í upphafi skólaárs. Þar er útfært hvernig á að vinna með Uppeldi til ábyrgðar í hverjum bekk og kennarar beðnir um að fylgja því ferli. Strax í upphafi skólaársins voru bekkjarsáttmálar unnir og áhersla lögð á að starfsfólk nýtti sér þá í vinnu með nemendum. Námskeiðshald fyrir starfsfólk féll niður en í boði er námskeið í ágúst.

---

## 20.1 LÆSI

---

Lestrarstefna Borgarbyggðar kom út vorið 2017. Stefnunni er ætlað að styðja við starf skólanna, skilgreina markmið og leiðir sem síðan eru útfærð frekar í hverjum skóla fyrir sig. Í framhaldi af lestrarstefnunni gaf skólinn út svokallaða foreldrabæklinga s.l. haust fyrir hvern árgang þar sem fram koma stuttar og hnitmiðaðar upplýsingar og ráð til foreldra varðandi lestur og lestrarviðmið í skólanum <http://grunnborg.is/nam-og-kennsla/lestur/1-bekkur-foreldrabaeklingur-2/>. Einnig voru settar ákveðnar verklagsreglur varðandi viðbrögð skólans ef heimalestri er ekki sinnt. Skólaárið 2017-

2018 var lögð aukin áhersla á lestur í skólanum. Í nóvember var hraðlestrarnámskeið sem allir bekkir tóku þátt í og unnið var í samvinnu við foreldra. Annað slíkt námskeið var síðan haldið í janúar – febrúar. Einnig var inngrip í ákveðna bekki í samvinnu við kennsluráðgjafa í formi markvissrar lestrarkennslu og aukinnar þjálfunar. Farið var af stað með verkefni þar sem litlir hópar voru teknir og unnið með þá samkvæmt lestrarþjálfunarnámskeiði Kristínar Arnardóttur. Lestarprófanir fóru fram í skólanum og nýtti skólinn sér lesfimiþróf Menntamálastofnuna og þau viðmið sem þar eru sett. Nemendur sýndu almennt miklar framfarir í lestri á árinu og er staða skólans betri á heildina litið en í upphafi skólaárs.

Kristín Valgarðsdóttir

---

## 20.2 NÁMSMAT

---

Í vetur var ákveðið að sleppa öllum teymum og í staðinn unnu allir að þeim verkefnum sem ákveðið var að taka í hverju teymi fyrir sig. Þetta skapaði svigrúm til að vinna vel í námsmatinu. Mikil vinna hefur farið fram í vetur í námsmatinu og mun Borgarnes markmið líta dagsins ljós í haust.

---

## 21. BÓKASAFN

---

Safnið er opið frá 8.15 – 16.00 nema á föstudögum, þá er opið til 14.00. Afgreiðslutími er frá 8.15 – 14.00 alla virka daga.

Skráðir lánþegar eru hátt á fjórða hundrað, nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn.

Skráð útlán á skólaárinu 2017 – 2018 voru 11.266.

Millisafnalán hafa lítið verið notuð en þó hefur safnið fengið lánaðar bækur frá Safnahúsi Borgarfjarðar. Einnig hefur safnið lánað bækur og gögn; einkum til Brekkubæjarskóla á Akranesi.

Aðstoð við heimildaöflun er alltaf nokkur, bæði við nemendur og kennara. Lögð er áhersla á að auka sjálfstæði nemenda í sambandi við heimildavinnu; að kenna þeim leitaraðferðir og að leggja mat á heimildir, ekki síst rafrænar.

Kaup safnkosts, tenging í Gegni og grisjun eru fastir liðir í starfsemi safnsins sem og frágangur (plöstun og viðgerðir) safnkostsins.

Nemendur koma á safnið til þess notfæra sér safnkostinn við upplýsingaöflun og lestur. Nemendur koma á safnið til þess að skoða bækur og lesa – og stundum til að hvíla sig frá amstri dagsins.

Nemendur koma á safnið og vinna eða leysa verkefni, einir eða í minni hópum.

Kennarar koma með minni hópa til verkefnavinnu eða lestrar.

Safnstjóri annast ýmiss konar fræðslu og / eða kennslu fyrir nemendur.

Á skólaárinu hóf facebook síða skólasafnsins göngu sína. Hlutverk hennar er að greina frá helstu þáttum í starfi skólasafnsins og viðburðum á vegum þess. Safnstjóri sér um síðuna.

### **Starfsmenn**

Upplýsingafræðingur og kennari (safnstjóri) gegnir 60% starfi á safninu. Viðvera safnstjóra er að mestu bundin og fellur undirbúningur fræðslu/kennslu á bókasafni undir hana ásamt mætingu á starfsmanna- og kennarafundi. Safnstjóri sinnir bókakaupum, oft utan hefðbundins vinnutíma.

Bókavörður er á safninu í 50% stöðuhlutfalli. Starf bókavardar felst í almennri afgangi, frágangi (plöstun) og viðgerðum á bókum og öðrum gögnum.

---

## 21.1 KENNSLA

---

Föst kennsla er ekki á stundaskrá skólasafnsins. Á skólaárinu fékk 4. bekkur nokkurra vikna námskeið á safninu þar sem lokið var við að fara yfir námsefnið *Mýsla sýslar á skólasafni*. Nemendur 5.,6. og 7. bekkja komu einnig nokkrum sinnum og unnu að verkefnum tengdum skólasafninu.

2. bekkur kom í sögustundir og fræddist sérstaklega um Egil Skalla-Grímsson og sögu hans.

1. og 2. bekkur hafa átt fastan vikulegan tíma á safninu, svokallaða næðisstund. Nemendur koma þá í fylgd stuðningsfulltrúa og fá aðstoð við bókaval og annað er tengist safninu og dunda sér síðan við að lesa, spila, púsla, lita o.s.frv. 3. bekkur átti einnig fastan vikulegan tíma á safninu allt skólaárið.

---

## 21.2 ENDURMENNTUN

---

Regluleg endurmenntun felst í að sækja námskeið Landskerfis bókasafna og í þátttöku í viðburðum og samvinnu við Upplýsingu, félag upplýsingafræðinga eftir því sem tilefni gefast. Safnstjóri situr í stjórn Félags fagfólks á skólasöfnum og á þátt í að skipuleggja fræðslustarf félagsins. Fjórir fræðslufundir voru haldnir á árinu; á skólasöfnum Valhúsaskóla, Hvaleyrarskóla, Hraunvallaskóla og loks voru 3 grunnskólar á Vesturlandi heimsóttir í fræðsluferð á vordögum. Auk kynninga á viðkomandi söfnum er margvíslegt efni er tengist starfi skólasafna kynnt og / eða tekið fyrir á fræðslufundum. Þá sat safnstjóri málþing um stöðu barnabókarinnar í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 4. október (Síung – samtök íslenskra barna – og unglingsbókahöfunda, FIBUT og Reykjavíkurborg) og Gerðubergsráðstefnuna þann 3. mars (að ráðstefnunni standa nokkur félög sem koma á einhvern hátt að barna – og unglingsbókum; IBBY á Íslandi, Borgarbókasafnið, Rithöfundasamband Íslands, Félag fagfólks á skólasöfnum,



Upplýsing og Menningarmiðstöðun Gerðuberg). Safnstjóri sótti Slamit námskeið í Zagreb í Króatíu haustið 2017 og fékk styrk úr menntaáætlun Evrópusambandsins Erasmus+ til fararinnar. Á námskeiðinu var fjallað um skólabókasafnið sem þekkingarmiðstöð. Loks sat safnstjóri alþjóðlega ráðstefnu IASL (International Association of School Librarians) í Istanbul í maí 2018.

Þá má telja lestur fyrir börn og ungmenni til endurmenntunar.

---

### 21.3 AÐFÖNG/AÐFANGASTEFNA

---

Megináhersla er lögð á að kaupa vandaðar bókmenntir og fjölbreyttan fróðleik (vísindi, náttúrufræði, íþróttir, uppfléttirit o.s.frv. ) fyrir börn og unglunga. Bækur eru dýrar og fjárframlag til safnsins takmarkað og því er gjarnan leitað fanga á bókamörkuðum útgefenda varðandi bækur sem gefnar hafa verið út á síðustu árum. Eins mikið er keypt af nýútkomnum bókum og kostur er en betur má ef duga skal.

Safnstjóri leggur áherslu á að safna íslenskum skáldsögum, ævisögum og ljóðum án mikils tilkostnaðar þó. Vel útlítandi og góðar bækur hafa fengist í þennan flokk á nytjamörkuðum og einnig hafa safninu borist bækur að gjöf frá ýmsum einstaklingum. Fjölmarginir starfsmenn, sem hafa lagt leið sína til útlanda á skólaárinu, hafa fært safninu barna- og ungmennabækur á erlendum tungumálum við heimkomu.

Safnkosturinn hefur verið talsvert grisjaður undanfarin ár, úreltar bækur og ónýtar hafa verið afskrifaðar og bókum sem lítið hreyfast hefur verið komið fyrir í geymslu. Bekkjarsett eru mörg orðin afar slitin og/ eða úrelt og þarfnast endurnýjunar.

Upplýsingar um bekkjarsett er að finna á heimasíðu skólans.

---

#### 21.4 AÐVENTA

---

Nemendur tóku á aðventu þátt í að velja nýlegar bækur til að kaupa á safnið. Valið fór þannig fram að hver nemandi fékk að velja einn titil (úr Bókatíðindum) sem hann vildi að til yrði á safninu. Miðarnir voru settir í lítil umslög með myndum af viðkomandi bókum og allt nælt á korktöflu og haft sýnilegt. 194 nemendur tóku þátt, minnst var þátttaka í 9. og 10. bekk. Nafn eins þátttakanda var síðan dregið út og fékk hann bókina sem hann valdi að gjöf á litlu jólnum. Við bókakaup var svo vitaskuld tekið mið af óskum nemenda.

Á aðventu var lögð sérstök áhersla á efni tengt jólum og því stillt upp í bókavagni til þess að auðvelda nemendum að finna sér bækur.

Safnstjóri sá um kynningar á nýútkomnum bókum, las úr þeim og ræddi efni þeirra við hópa nemenda auk þess sem nemendur fylgdust á safninu með umfjöllun Krakka RÚV um nýútkomnar bækur.

---

#### 21.5 HEIMSÓKNIR

---

Hjalti Halldórsson höfundur bókarinnar *Af hverju ég?* las úr bók sinni og spjallaði við nemendur á miðstigi í byrjun nóvember. Sögusvið bókarinnar er Borgarnes og aðalsöguhetjan Egill Grímsson er nemandi í 6. bekk Grunnskólans í Borgarnesi. Hjalta er ákaflega vel tekið af nemendum sem sumir höfðu þegar lesið bókina og urðu líflegar umræður.

Ævar Þór Benediktsson kom í heimsókn í skólann um miðjan desember og las úr bók sinni *Þitt eigið ævintýri* fyrir nemendur 2. – 7. bekkjar.

Guðni Línadal Benediktsson var í för með bróður sínum og las hann nýútkomna sögu sína *Stelpan sem ákvað að flytja húsið sitt upp á fjall* fyrir nemendur á yngsta stigi.

Heimsóknir rithöfunda mælast vel fyrir hjá nemendum og hafa greinileg lestrarhvetjandi áhrif.

---

#### 21.6 LESTRARÁTÖK Í TENGLUM VIÐ BÓKASAFNIÐ

---

Skólasafnið tók þátt í lestrarátaki Ævars vísindamanns sem stóð frá því í byrjun janúar til marsloka 2018. Heimili og skóli standa að átakinu ásamt Ævari og var það nú haldið í fjórða sinn. Nemendur skiluðu lestrarmiðum í sérstakan kassa á bókasafninu og alls voru lesnar 384 bækur.

Bókaútgáfan IDNÚ stóð á vormánuðum fyrir lestrarátaki undir yfirskriftinni Ævintýralestur; lesa, lita og skapa. Nemendur skiluðu lestrarmiðum, teikningum og sögum. Mest áhersla var lögð á bókaflokkinn *Óvættaför* en þó var leyfirlegt að lesa aðrar bækur. Þátttaka var góð og fengu fimm nemendur skólans sérstakar viðurkenningar fyrir þátttökuna.

---

#### 21.7 TÖLVUBÚNAÐUR

---

Far- og spjaldtölvur eru skráðar í safnkostinn og lánaðar út af safninu. 70 spjaldtölvur eru skráðar í safnið. Af þeim eru 5 til útlána á safninu en afgangurinn skráður á umsjónarkennara sem hafa að jafnaði eina spjaldtölvu á um það bil fimm nemendum. Þá eru tvær borðtölvur til afnota fyrir nemendur á bókasafninu.

Hleðslutæki, skjávarpatengi og önnur tæki eru strikamerkt og reynt að halda utan um þau með þeim hætti.

---

## 21.8 NÁMSBÆKUR

---

Pantanir bóka frá Menntamálastofnun fara í gegnum skrifstofu skólans og heldur ritari utan um birgðir. Allar kennsluleiðbeiningar sem ekki eru prentaðar út af vef stofnunarinnar eru tengdar inn í Gegni og lánaðar út af bókasafni, sem og sýniseintök námsbóka. Auk þess eru kennarar hvattir til að skila ljósrituðum leiðbeiningum og lausnum til bókasafns og er haldið utan um slíkt efni. Vakin er athygli á nýju efni frá stofnuninni og það látið liggja frammi.

Ákvörðun var tekin haustið 2016 að skrá nýjar námsbækur fyrir 7. – 10. bekk inn í bókasafnskerfið og lána þær út á kennitölur nemenda. Nú eru allar nýjar bækur á unglíngastigi skráðar í safnkostinn og stefnt er að því að halda þeirri skráningu áfram eftir því sem nýjar, fjölnota bækur berast.

---

## 21.9 SAFNKOSTUR OG ÚTLÁN

---

Í lok maí 2018 var heildarfjöldi bóka í skólasafninu 18.393 en alls voru þá 20.663 munir skráðir í safnið. Útlán á skólaárinu 2017-2018 voru 11.266. Nánari skiptingu safnkosts má sjá á meðfylgjandi töflu. Til skýringar á miklum fjölda myndbanda er rétt að geta þess að þau hafa verið sett í geymslu á háalofti og líklega er tímabært að afskrá þau og eyða.

Efni	Fjöldi
<b>Snældur</b>	<b>8</b>
<b>Snælda/hljóðbók</b>	<b>3</b>
<b>Bækur</b>	<b>18393</b>
<b>Spil</b>	<b>17</b>
<b>Geisladiskar</b>	<b>66</b>

<b>Geisladiskur/hljóðbók</b>	<b>279</b>
<b>Tölvugögn</b>	<b>4</b>
<b>Mynddiskar</b>	<b>106</b>
<b>Tæki (tölvur, hleðslutæki, skjávarpatengi o.fl.)</b>	<b>158</b>
<b>Möppur</b>	<b>11</b>
<b>Innbundin tímarit</b>	<b>5</b>
<b>Tímaritshefti</b>	<b>243</b>
<b>Gagnasett</b>	<b>3</b>
<b>Myndbönd</b>	<b>1367</b>
<b>Alls</b>	<b>20663</b>

---

## 21.10 VIÐBURÐIR

---

Nokkrir viðburðir hafa öðlast fastan sess í safnastarfi og er haldið upp á þá með ýmsum hætti. Meðal þeirra má nefna eftirfarandi:

### **Bókasafnsdagurinn**

Bókasafnsdagurinn 2017 var haldinn 8. september undir yfirskriftinni „Lestur er bestur – fyrir lýðræðið“. Markmið dagsins er tvíþætt, annars vegar að vekja athygli á mikilvægi bókasafna og hins vegar að vera dagur starfsmanna safnanna. Safnið var skreytt í tilefni dagsins og gestum og gangandi boðið upp á kynningu á nýjum bókum auk þess sem boðið var upp á hnetur, rúsínur og ávexti. Þá fengu allir sem vildu ný bókamerki. Það er ánægjulegt að vekja þannig með sérstökum hætti athygli á bókasafninu í upphafi skólaárs.

**Norræn bókasafnavika**

Bókasafnið tók þátt í norrænni bókasafnaviku dagana 12. – 18. nóvember en þema hennar að þessu sinni var „Hetjur á Norðurlöndunum“. Ekki var um sérstaka dagskrá að ræða á safninu en lesið var úr bókinni *Handbók fyrir ofurhetjur* eftir Elias og Agnes Vaahlund. Þá var vakin athygli á norrænum höfundum og bókum þeirra stillt sérstaklega upp. Kennurum var bent á valda upplestrarkafla norrænu bókasafnsvikunnar og verkefni tengd þeim og var eitthvað um að kennarar færðu sér það í nyt.

**Dagur barnabókarinnar**

Dagur barnabókarinnar er haldinn hátíðlegur þann 2. apríl ár hvert á fæðingardegri danska rithöfundarins H. C. Andersen. Ibby á Íslandi hefur um árabil fagnað deginum með því að færa grunnskólabörnum smásögu að gjöf. Daginn bar upp á anna í páskum í ár og því var sagan frumflutt á Rás 1 fimmtudaginn 5. apríl. Að þessu sinni var það smásagan *Pissupásan* eftir Ævar Þór Benediktsson. Sagan og verkefni tengd henni bárust safninu nokkru fyrir og var athygli kennara vakin á upplestrinum. Allmargir kennarar færðu sér þetta í nyt og héldu upp á dag barnabókarinnar.

**Vika bókarinnar**

Nemendur tóku þátt í árlegri kosningu um bókaverðlaun barnanna en þau eru veitt á sumardaginn fyrsta ár hvert í viku bókarinnar. Kosið var á bókasafni og var þátttaka mjög góð.

---

**21.11 LOKAORÐ**

---

Í lestarstefnu leik – og grunnskóla Borgarbyggðar segir m.a.: „ Í skólanum er lögð áhersla á ríkulegt lestrarumhverfi, bækur eru sýnilegar og nemendur hvattir til að lesa, skoða og ræða bækur“ (bls.4).

Skólasöfnin eru félítill og þurfa að kaupa gamlar og jafnvel notaðar bækur á bóka – og nytjamörkuðum. Barnabókin á í harðri samkeppni en íslensk börn hafa aldrei átt kost

á öðru eins úrvali afpreyingar og nú stendur til boða. Mikið af því efni er ekki á íslensku. Ef við viljum gera börnin okkar vel læs og elsk að bókum (og draga úr útrýmingarhættu íslenskunnar) verðum við að veita þeim góðan aðgang að nýju og spennandi efni um leið og það kemur út.

Ráðstöfunarfé skólasafnsins er rúmlega 700.000 krónur árið 2018. Það þyrfti að vera meira.

Í ræðu sem var flutt á Alþingi 26. febrúar síðastliðinn sagði þingmaður: „ Stjórnvöld verða að líta á það sem forgangsmál að stórefla bókaútgáfu, ekki síst barnabókaútgáfu, þau þurfa að hætta skattlagningu á bækur og þau þurfa að fylla skólabókasöfnin af nýjum og ilmandi bókum.“

Undirstrikuðu orðin vil ég hafa að leiðarljósi við áframhaldandi uppbyggingu safnkostsins á skólasafni Grunnskólans í Borgarnesi.

5. júní 2018

Anna Guðmundsdóttir

---

## 22. KLETTUR

---

Á þessu skólaári voru 10 nemendur sem komu að einhverju leyti í Klett. Sumir fengu beina kennslu í sérsniðnu námsefni, bekkjarefni eða lestri. Aðrir fengu aðstoð með tilfinninga og/eða félagslegan vanda.

Þessir nemendur voru frá 5. bekk og upp í 10. bekk. Af þessum 10 nemendum voru 6 með greiningu á einhverfurófi. Aðrir glíma við annars konar vanda eins og þroskaskerðingu, tilfinningavanda, hegðunarvanda og ofvirkni og athyglisbrest. Einn nemandi þyrfti að vera með mann með sér allan daginn og stundum tvo og var það leyst með starfsfólki frá Kletti og stuðningsfulltrúum. Annar nemandi með mikla þroskaskerðingu fékk kennslu í Kletti alls 16 kennslustundir.

Aðrir nemendur voru að koma í Klett eða fá aðstoð frá Kletti í eina og upp í fimm kennslustundir á viku. Tímarnir eru þó breytilegir, fer eftir hvernig gengur hjá nemendum, stundum þarf að fjölga þeim og stundum er hægt að fækka.

Fyrir alla þessa nemendur voru svo haldnir reglulegir teymisfundir með umsjónakennurum og foreldrum. Algengast var að fundir væru á 6 – 8 vikna fresti en fór það þó alveg eftir þörfum. Stundum þurftu þeir að vera fleiri og stundum urðu þeir færri.

Starfsfólk:

- Einn þroskþjálfari í 100% stöðu
- kennari í 80% stöðu og sinnti svo 20% verkefnastjórstöðu.
- Þrír stuðningsfulltrúar komu svo að einum nemenda í Kletti en mismikið. Einn var með nemandann í 20,75 kennslustundir, einn 18,75 og einn mjög lítið eða eina kennslustund og tók stundum á móti honum á morgnana.

---

## 22.1 MARKMIÐ

---

Markmið með aðkomu Kletts geta verið mjög misjöfn. Í vetur hafa þau til dæmis verið

- Einstaklingsnámskrá fyrir þá nemendur sem þess þurfa
- Sitja á teymisfundum vegna nemenda
- Stundaskrá fyrir nemendur sem ekki fylgja stundaskrá bekkjar
- Fylgja ákveðnum nemendum í vettvangsferðir og aðrar ferðir með bekknum
- Næði til að sinna bekkjarnámsefni og smá pásu frá bekknum
- Aðhald,reglur og eftirfylgni í kringum óæskilega hegðun
- Kennsla og þjálfun í lestri og grunn stærðfræði
- Umbunarkerfi fyrir æskulega hegðun



- Vinna með tilfinningar, líðan og félagslega hegðun til dæmis með CAT kassa.
- Staður til að koma á þegar illa gengur, fá að róa sig í Litla Kletti og fara yfir málin.
- Ráðleggingar til umsjónakennara, stuðningsfulltrúa og foreldra
- Vinna með málörvun og málþroska
- Fylgja nemendum í bekkjartímum þegar þarf.

---

## 22.2 NÁMSMAT

---

Í janúar og maí var skýrslum skilað frá Kletti. En þar eru útlistuð markmið og viðfangsefni fyrir nemendur og gerð umsögn um hvernig hefur tekist að ná þeim markmiðum, eins er farið yfir hver næstu skref verða.

Í sumum tilfellum þar sem nemendur eru ekki orðnir vel læsir hafa verið tekin lestrarpróf til að fylgjast með og meta árangur lestrarkennslu.

---

## 23. SKÝRSLA VELFERÐARKENNARA (BÚBBLAN)

---

Hugarró og velferð, aðferðir jákvæðrar sálfræði fléttaðar inn í daglegt skólastarf

---

### 23.1 MARKMIÐ

---

Markmiðið með þessu verkefni var að kynna fyrir nemendum aðferðir til að auka velferð þeirra og vellíðan, og flétta þær inn í daglegt skólastarf þannig að allir nemendur skólans hefðu möguleika á því að nýta sér þær. Fyrirkomulagið var prufukeyrt í Grunnskólanum í Borgarnesi skólaárið 2017-2018. Sett var upp vellíðunarstofa sem allir nemendur skólans höfðu aðgang að, a.m.k. einu sinni í viku. Fljótlega festist viðurnefnið búbblan við þá stofu, þar sem vísað var til þess að þegar komið sé inn í búbbbluna (vísun í enska orðið bubble) þá sé ekkert utanaðkomandi sem trufla og jafnvel sé hægt sé að svífa um á bleiku núvitundarskýi.

---

### 23.2 UPPBYGGING KENNSLUNNAR/KENNSLUÆÐFERÐIR

---

Allir bekkir fengu fastan vikulegan tíma í búbbblunni og bauðst nemendum að fara þangað í litlum hópum og fá 15 mínútna núvitundarþjálfun og slökun. Í daglegu tali kallaðist það að fara í slökun í búbbblunni. Einnig voru opnir tímar fyrir nemendur á morgnana, fyrir skólabyrjun, og í hádeginu. Valhópar í vellíðan, núvitund og jóga voru í boði á mið- og unglíngastigi og allir nemendur á unglíngastigi fengu 7-8 klst. beina kennslu í velferðarfræðum. Að auki var boðið upp á einstaklingshandleiðslu þar sem hver nemandi, sem sótt var um fyrir, fékk 5 skipta sjálfseflingarviðtöl þar sem byggt var á styrkleikavinnu og aðferðum úr jákvæðri sálfræði til að auka vellíðan og jákvæðar tilfinningar. Þar sem innleiðingin var unnin í samræmi við sjálfsákvörðunarkenningar var nemendum í sjálfsvald sett hvort þeir nýttu sér það sem boðið var upp á. Þótti það hafa góð áhrif á nemendur og í flestum árgöngum var mjög góð þátttaka þar sem allir eða allflestir nemendur nýttu sér tímana. Nokkur dæmi voru um að nemendur sem voru andsnúnir því í fyrstu að fara og völdu það því ekki, ákváðu síðar, vegna jákvæðrar upplifunar bekkjarfélaga, að fara með. Þar sem

Þátttaka þeirra var í samræmi við eigin vilja voru þeir þar með tilbúnari til að taka þátt í og nýta sér það sem fram fór í slökunartímunum.

---

### 23.3 NÁMSEFNI OG GÖGN

---

MindUp

Hugarfrelsi

Aladdín og töfrateppið

Little Flower Yoga, teacher training for yoga and mindfulness

Núvitund, leitaðu inn á við

---

### 23.4 NÁMSMAT

---


Lokið/ólókið út frá þátttöku í val tímum og velferðarkennslu

Ekki námsmat fyrir frjálsa núvitundarslökun

Nýting bekkjanna á núvitundarstundum má sjá á tölfu 1.

23.5 NÝTING

NÚVITUNDARSLÖKUN



\*1. bekkur er ekki í töflunni þar sem þeirra tímar voru inni í hringekju, þannig að allir fóru í tímana

\*7. bekkur nýtti tímana vel framan af en bekkjartíminn þeirra lenti í árekstri við námskeið í félagsfærni seinni hluta vetrar og varð nýtingin því lítil eftir það

EINSTAKLINGSVINNA

Umsóknir bárust fyrir 33 nemendur. Tvær umsóknir voru dregnar til baka eða fóru í annan farveg, 21 nemendi fór í gegnum einstaklingsvinnu á skólaárinu, 7 nemendur voru byrjaðir í einstaklingsvinnu fyrir skólalok en höfðu ekki lokið fimm skiptum og þrír nemendur að auki eru á listanum en bíða til næsta skólaárs.

VAL

Alls tóku 65 nemendur þátt í vali, samtals á mið- og unglingastigi. Sumir fleiri en eitt val tímabil.

## **VELFERÐARKENNSLA**

Svo til allir nemendur unglíngastígs, eða 75 talsins, tóku þátt í Hugarró og velferð sem var á öllum brautum.

## **NÁMSKEIÐ FYRIR STARFSFÓLK**

Tvö átta vikna núvitundarnámskeið voru haldin fyrir starfsfólk fyrir 26 manns.

Elín Matthildur Kristinsdóttir

---

## **24. SAMANTEKT**

---

Skólaárið 2017-2018 var skemmtilegt og fjölbreytt. Skólastarfið gekk nokkuð áfallalaust fyrir sig. Á starfsdögum og kennarafundum hafa komið hinir ýmsu fyrirlesarar. Ingvar Sigurgeirsson var fenginn til að hjálpa starfsfóki skólans ásamt GBF við að innleiða markvissa teymiskennslu.

Í vetur hefur verið unnið markvisst að námsmati skólans og mun námsmat Grunnskólans í Borgarnesi lýta dagsins ljós í haust.

Margir skemmtilegir hlutir eru framundan og má þar nefna viðbyggingu við skólann sem er á þriggja ára áætlun Borgarbyggðar en með henni kemur mötuneyti í skólann ásamt sal sem hefur svo sannarlega verið missir að hafa ekki. Byrjað var í vor á skólanum og mun skólinn missa heila álmu út næsta vetur. Sú álma var tæmd í vor. Markmið okkar í skólanum er að byggja upp framúrskarandi skóla.